



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 1

Ýmis minni söfn - öskjur nr. 1-27

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 1

Öskjur 1-27

Listi yfir einkaskjalasafn nr. 1 - öskjur 1-27

Askja 1

Húsmæðrafélag Reykjavíkur
Söngfjelað verslunarmanna í Reykjavík, lóunn
Söngfélagið Harpa
Kaupfélag verkamanna í Reykjavík
Alþýðulestrarfélag Reykjavíkur
Lestrarfélag Reykjavíkur
Sigríður Jónsdóttir, námsmeyja
Jón K. Sigfússon og Sigríður K. Kolbeinsdóttir
Kaupfélag Reykjavíkur

Askja 2

Knattspyrnufélagið Þrándur
Rithöfundafélag Íslands
Unglingastúkan Unnur nr. 38 í Reykjavík

Askja 3

Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri Reykjavíkur
Menningarfélag Íslands
Bókaverslun M.F.A hf.
Filippus Þorvarðarson
Jón Axel Pétursson
Ragna Becker
Snorri Jónsson
Anna Sigríður Johnsen
Fuglavinafélagið Fönix
U.M.F. Velvakandi
Vilhelmína Böðvarsdóttir
Björn Guðmundsson, kaupmaður
Dagbók
Þorsteinn Þorsteinsson, fiskmatsmaður

Askja 4

Tóbaksverslun Íslands
Fóstrufélag Íslands
Hlutfélagið V. Sigurðsson & Snæbjörnsson
Det forenede Dampskip Delskap – H.F. Eimskipafélag Íslands

Askja 5

Kristín Samúelsdóttir
Matthías Þórðarson
Kveldúlfshúsin, áður við Skúlagötu
Orator, félag laganema
Angela Baldvins
Reykjavíkुरapótek
Ágústa Pétursdóttir Snæland

Askja 6

Ásta Magnúsdóttir
Sigríður Ásgeirsdóttir

Askja 7

Trausti Friðfinnsson
Arnfinnur U. Jónsson
Skáksamband Íslands

Askja 8

Taflfélag Reykjavíkur
Lilja Kristjánsdóttir
Albína Hulda Pálsdóttir

Askja 9

Jóhanna Jóhannesdóttir
Siguroddur Magnússon
Hans Madsen Kragh

Askja 10

Sigfús Elíasson
Bolli A. Ólafsson
Margrét Guðmundsdóttir
Þingholtsstræti 24
Guðfinna Þórarinsdóttir

Askja 11

Teikningar og hugleiðingar barna 2000 / 2001
Edda hf.
Íslenska vöruskiptafélagið

Askja 12

Una Margrét Jónsdóttir
Áramótagleði Útvarpsins
Hjörleifur Kristmannsson, skósmíðameistari
Jóhannes VII

Askja 13

Auður Jónsdóttir Víðis og Sigurður Sigurðsson
Kvenfatatíska
Haraldur Samsonarson
Kassabók II

Askja 14

Viggó Þorsteinsson
Mjólkurfélag Reykjavíkur
Bragi Ásbjörnsson
Guðbrandur Þórðarson

Askja 15

Hilmar Daníelsson, flugmaður
Morten Jensen Rødgaard, Hafnarstræti 16
Ættartala Halldórs Einarssonar
Ísland í myndum
Fimleikasamband Íslands
Anna Guðmundsdóttir
Blöndahls-atið 1924
Gerður Torfadóttir
Guðrún S. Kristjánsdóttir

Askja 16

Kristinn Magnússon, skipstjóri
Kór félagsstarfs aldraðra
Jón Kristinn Sigfússon
Þorvarður Örnólfsson

Askja 17

Caffe Uppsalið
Katrín Ólafsdóttir
Handrit, bókhaldsbók, bréf og reikningar
Söngfélagið Kátir piltar
Bænaskjal til konungs 1848

Askja 18

Hildigunnur Aðalsteinsdóttir
Þorsteinn Johnson hf.
Emelía Borgþórsdóttir
Stefán Björnsson, Borgarnesi
Jörundur Gíslason
Hr. Hjálmtír Sigurðsson
Framfarafélag Selás og Árbæjarhverfis
Framfarafélag Breiðholts III
Sendisveinafélag Reykjavíkur, SFR
Sverrir R. Bjarnason
Magnea Katrín Þórðardóttir
Sveinbjörn Ingvi Gestsson

Askja 19

Brynjúlfur Erlendsson
Elínborg Gísladóttir
Þorleifur Guðmundsson Repp
Ljósmynd af Hafnarfirði 1932
Kristinn Valdimarsson & Valgerður Guðmundsdóttir
Önundur Kr. Bjarnason
Hr. Direktör Magnús Gíslason
Sigurður Jónsson bókbindari
Haraldur Matthíasson
Firmað Einarsson, Zoega & Co
Raftækjaeinkasala Ríkisins, Reykjavík, Jóhann Gunnarsson, Neskaupstað
Einar Helgason
Bræðurnir Espholin
Ólafur Sveinsson
Mótorbáturinn Vöggur m/b Vöggur
Birgir Ólafsson

Askja 20

Magnús Vilhelm Jóhannesson
Byggingarfélag barnakennara í Reykjavík

Kvöldskólinn hf.
Tónlistarskóli Vesturbæjar
Elliðaár – veiðibækur 1934-1954
Þórður Sveinbjörnsson

Askja 21

Veiðarfæraverslunin Verðandi
Húsgagnabólstrun Árna Jónssonar

Askja 22

Vigdís J. R. Hansen
Þóra Sigurbjörg Þórðardóttir
Heiðar Þ. Hallgrímsson
Hverfasamtök lðnvoga. Samtök um hverfisgæslu.
Guðfinna Jónsdóttir
Gunnar Guðmundsson
Þorbjörg Hilbertsdóttir
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir. Samkór Reykjavíkur o.fl.

Askja 23

Gestur Gunnarsson
Helgi M. Sigurðsson, safnvörður.
Kristinn Snæland
Vigdís og Guðmundur Grundarstíg 5, Reykjavík.
Jónína Kristjánsdóttir – Hampiðjan.
Bergstaðarstræti 43a.
Fuglavinafélag Íslands

Askja 24

Þorsteinn Carlsson Löve.
Ólafur Jensson, fv. forstöðumaður Geysishúss. Skeiðarvogur 25-35.
Ljósmyndir frá Reykjavíkurhöfn o.fl.
Eiríkur Hreinn Finnbogason, Ljósmyndir
Jóhanna Jónsdóttir, Sumarliðabæ.
Kristín Sigurðardóttir
Samúel Eggertsson
Félag styrkþega í Reykjavík - F.S.R.
Verslunarmannafélagið Merkúr
Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (Soviet Union)
Sigurður Þórðarson

Askja 25

Aðalheiður Þorsteinsdóttir

Húsfélagið Birkimelur 6, 6a og 6b.
Guðjóna F. Eyjólfsdóttir
Björn Jóhannsson
Ræsir hf.
Þórunn Jónsdóttir og Vignir Andrésson
Ingibjörg Björnsdóttir og Jónas Guðjónsson
Útskrift úr gerðabók Matsnefndar Reykjavíkur
Íslenskir hermenn 1914-1918

Askja 26

Sigurður B. Þorsteinsson
Jóhanna Ingibjörg Bernhöft
Kosningahappdrætti Framboðsflokksins – O – flokksins
Jóhannes Kr. Jóhannsson, trésmiður og forsetaframbjóðandi
Karl Sigurðsson
Sigurður S. Karlsson

Askja 27

Kjöt og ávextir, matvöruverslun

Skjalaskrá

Askja 1

Húsmæðrafélag Reykjavíkur

Tilgangur með stofnun félagsins var að sjá til þess að félagskonur fengju sem bestar útlendar matvörur á sem lægstu verði. Félagafjöldi mátti ekki fara yfir 60. Samkvæmt félagslögum var félagið pöntunarfélag og áttu félagskonur kost á því að fá vörur fjórum sinnum á ári.
Fundargerðarbók Húsmæðrafélags Reykjavíkur 4. febrúar 1915 - 3. maí 1919.
Lög Húsmæðrafélags Reykjavíkur.
Félagalisti 1915.
Vélritaðar ársskýrslur Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1925, 1927 og 1932.

Askja 1

Söngfjælag verslunarmanna í Reykjavík, lðunn

Söngfélag verslunarmanna í Reykjavík var stofnað 3. nóv. 1879. Á fyrsta fundi var búið að útvega söngkennara, húsnæði og hljóðfæri. Söngæfingarfundir áttu að vera tvisvar sinnum í viku á

mánudögum og föstudögum frá 9.00-10.30. Félagsmenn þurftu m.a. að borga 25 aura sektir ef þeir komu meira en 10 mínútum of seint á fundi og ef þeir gengu af fundi áður en honum lauk. Fundarbók Söngfélags verslunarmanna í Reykjavík sem nú heitir Iðunn, 3. nóvember 1879 til 17. desember 1880.

Askja 1

Söngfélagið Harpa

Söngfélagið Harpa var stofnað 1862 og var það fyrsta formlega söngfélagið á landinu. Félagið var lagt niður 1893. Þór Magnússon, þjóðminjavörður, fann heftið á Uppsálalofti. Reikningar söngfélagsins Hörpu frá 1. október 1878-30. september 1880.

Askja 1

Kaupfélag verkamanna í Reykjavík

Kaupfélag verkamanna var stofnað 29. ágúst 1915. Tilgangur félagsins var að alþýða manna yrði sjálfstæð í verslunarefnum. Þessu átti m.a. að ná með því að sporna við skuldaverslun, versla sameiginlega fyrir félagsmenn, bæta innlenda vöru og fá innflutta gagnlega og vandaða vöru og stuðla að samvinnu allra kaupfélaga í landinu.

Lög Kaupfélags Verkamanna í Reykjavík.

Askja 1

Alþýðulestrarfélag Reykjavíkur

Alþýðulestarfélag Reykjavíkur var líklega stofnað 1886.

Í einkaskjalasafni 30 er að finna reiknisbók Alþýðulestrarfélagsins 1902-1923, yfirlit yfir þá félaga sem greiddu félagsgjöld 1907-1910, bankabók 1901-1902 og skilagrein fyrir árið 1910.

Gjörðabók Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur 1909-1923.

Skrá ársfélaga 1919

Reglugjörð fyrir Alþýðulestrarfélag Reykjavíkur.

Skrá yfir félaga 1902.

Skýrsla um starfsemi og hag félagsins 1921.

Skýrsla um starfsemi og hag félagsins 1922 til 30. apríl 1923.

Fundarboð og listi yfir ársfélaga.

Bókalisti.

Askja 1

Lestrarfélag Reykjavíkur

Lestrarfélag Reykjavíkur var stofnað 24. apríl 1869 og lagt niður 28. apríl 1933. Félagið var stofnað til þess að útvega bækur. Það sá félagsmönnum sínum fyrir bókum sem síðar voru seldar á uppboði meðal félagsmanna eftir að þær höfðu gengið manna á milli. Fjöldi félagsmanna var takmarkaður; í fyrstu gátu einir 36 manns verið félagsmenn en síðar var því breytt í 52 félagi.

Gjörðabók Lestrarfélags Reykjavíkur 2. apríl 1901-28. apríl 1933.

Ótölusett, aðeins ca. 35. bls. skrifaðar. Bókinni fylgja "Lög lestrarfélags Reykjavíkur, endurskoðuð og samþykkt áaðalfundi félagsins 19. febrúar 1916, og 4 kvittanaeyðublöð fyrir árstillagi til Lestrarfélagsins.

Askja 1

Sigríður Jónsdóttir **námsmeyja**

Guðmundur Sigurðsson, til heimilis að Laugavegi 10, var klæðskeri í Reykjavík. Hann hélt námskeið í fatasaumi fyrir ungar stúlkur. Hópurinn sem er á myndinni útskrifaðist vorið 1917.

Jón Aðalstein Jónsson sonur Sigríðar Jónsdóttur, ein nemendanna, gaf safninu í ágúst 1998.

Ljósmynd af útskrifuðum námsmeyjum vorið 1917.

Askja 1

Jón K. Sigfússon og **Sigríður K. Kolbeinsdóttir**

Jón Kristinn Sigfússon var bakari. Hann bjó ásamt konu sinni Sigríði K. Kolbeinsdóttur á Laugavegi 46B í Reykjavík.

Halldóra Sigríður, dóttir hjónanna, gaf eftirfarandi safninu 18. mars 1998.

Hjónavígslubréf 15. desember 1922.

Fermingarvottorð Jóns K. Sigfússonar.

Askja 1

Kaupfélag Reykjavíkur

Pöntunarskrá Kaupfélags Reykjavíkur árið 1902.

Mánaðarmenn Kaupfélagsins.

Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis - KRON

Lög Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis. Þannig samþykkt á aðalfundi 27. apríl 1947. Reykjavík 1947

Askja 2

Knattspyrnufélagið Þrándur

Stofnað 11. júní 1920. Tilgangur félagsins var að iðka knattspyrnu og aðra útileiki félagsmönnum til líkamlegrar og andlegrar hressingar. Félagið stóð fyrir því að byggja eigin völl á Melunum og var hann vígður 29. maí 1921. Mikill áhugi var fyrir því að stofna unglingalið félagsins en ekkert varð af því.

Ásgeir Ásgeirsson, einn stofnenda félagsins, afhenti safninu skjölin í maí 1977.

Gjörðabók 11. júní 1920-30. apríl 1923.

Fundagerðir stjórnarfunda 5. maí 1923-2. desember 1923.

Lög félagsins.

Fundarboð o.fl.

Askja 2

Rithöfundafélag Íslands

Samningur Rithöfundafélags Íslands við Ríkisútvarpið 1951.

Bréf o.fl. tengd ofangreindu máli.

Fundargerðir

Askja 2

Unglingastúkan Unnur nr. 38 í Reykjavík

Fundargjörðir: 63. fundur 6. október 1906 til 208. fundur 29. janúar 1911.

Undirskriftabók, 1922-1930 (nöfn innsækjenda, úrsagnir, dánir).

Nafnaskrá árið 1. febrúar 1914 - 1. nóvember 1920.

Ræða Einars H. Kvarans, flutt í Templarahúsinu við jarðaför Oddrúnar Jónsdóttur 19. janúar 1926.

Höfuðbók jólasparisjóðs 1927.

Sjóðbók framkvæmdasjóða, stofnaður 16. júlí 1922.

Höfuðbók framkvæmdasjóðs ca. 1922-1925.

Höfuðbók, ca. 1923-1925, með stimpli Magnúsar V. Jóhannssonar, fyrsta gæslumann stúkunnar.

Laus blöð, fáein prentuð og fjölrituð, s.s. dagskrá afmælishátíða, dreifibréf.

Askja 3

Jónas B. Jónsson

fræðslustjóri Reykjavík

Jónas Bergmann Jónsson var fæddur 8. apríl 1908 á Torfalæk í A.-Húnavatnssýslu. Kona hans var Guðrún Ögmundsdóttir Stephensen, f. 30. október 1914.

Ýmis skjöl.

Bréf í tilefni af 25 ára afmæli skátafélagsins Væringjar varðand mót á Þingvöllum 1938.
Looking to the future with the Scouts og America. American Legion Mayor Youth Program 1941-1942.

Ýmis póstkort og jólakort með ljósmyndum, 5. og 6. áratugur 20. aldar.

Kveðjuspjöld Ríkisútgáfu námsbóka.

Kveðjuspjald Skóla Ísaks Jónssonar.

Boðskort, á málverkasýningu í Listamannaskálanum 1960, Bragi Ásgeirsson.

Umslög, tvö, dags. 1956.

Ljósmyndir, tvær.

Tivoli, Skemmtigarður Reykvíkinga, ársmiði 1949.

Vestir, blað 1960, 1. Tbl. 2. Árg.

Felix, blað 1. Árg. 1976.

Bréf og minnispunktar 1960 o.fl.

Sjá einnig skjöl Jónasar í safni Skólaskrifstofunnar öskjur: 429, 770, 777 og víðar.

Askja 3

Menningarfélag Íslands

Skjal þetta fannst milli þilja í húsinu Brunnstígur 5 í Reykjavík er því var breytt og það endurnýjað 1993.

Meðlimir Menningarfélags Íslands 1913.

Askja 3

Bókaverslun M.F.A h/f

Bókaverslun M.F.A. h/f var á Hverfisgötu 8-10.

Reksturs- og efnahagsreikningur pr. 31. desember 1955.

Einnig eitthvað af reikningum.

Askja 3

Filippus Þorvarðarson

Fæddur í Vindási á Rangárvöllum 26. október 1919

Látinn í Reykjavík 19. desember 2008

Var á Vindási, Oddasókn, Rang. 1930. Leigubílstjóri og ökukennari í Reykjavík

Filippus Þorvarðarson bjó að Vindási, Rangárvöllum.
Kort, m.a. frá 1933.

Askja 3

Jón Axel Pétursson

Jón Axel Pétursson bjó að Hringbraut 75 í Reykjavík.

Bréfið kom frá Sjóminjasafni Íslands, Hafnafirði, í desember 1996.

Sendibréf frá 1955, sendandi Hildur Sivertsen.

Askja 3

Ragna Becker

Bréfið lýsir jarðaför Amelíu Sigurðardóttur, móður Rögnu Becker. Amelía var dóttir Sigurðar Jónssonar fangavarðar. Hún var einn að stofnfélögum Kristilegs félags ungra kvenna (KFUK) og virk í góðtemplarareglunni. Maður hennar var Sigurður Þorsteinsson skrifstofustjóri og bókhaldari hjá Zimsen.

Petra Pétursdóttir var fædd í Reykjavík en varð síðar bóndakona í Lundareykjadal.

Afhent af Emmy Becker dóttur Rögnu í desember 1996.

Sendibréf frá 1947, sendandi Petra Pétursdóttir.

Askja 3

Snorri Jónsson

Afhent af Emmy Becker í desember 1996 og sagðist hún hafa fengið það hjá dóttur Snorra.

Snorri Jónsson bjó að Baugsvegi 3.

Sendibréf og skuldabréf frá Sigurjóni Jónssyni, 1947.

Askja 3

Anna Sigríður Johnsen

Afhent af Önnu Sigríði Johnsen í mars 1997.

Lýsing Önnu á sprengjuárás sem gerð var á Kaupmannahöfn 21. mars 1945 og lýsinga á því þegar stríðinu lauk.

Askja 3

Fuglavinafélagið Fönix

Afmælisfagnaður Fuglavinafélagsins Fönix 7. mars 1938.

Ljóð eftir Maríus Ólafsson: Til Fuglavinafélagsins Fönix (F.F.F.) Reykjavík.

Askja 3

U.M.F. Velvakandi

Ungmennafélagið Velvakandi var stofnað 12. maí 1925 og voru stofnfélagar 18 talsins. Markmið félagsins var að vernda íslenskt þjóðerni, vekja þjóðrækni Íslendinga og efla andlegan og líkamlegan þroska þeirra.

Lög og fundarsköp fyrir U.M.F. Velvakandi.

Askja 3

Vilhelmína Böðvarsdóttir

Vilhelmína Böðvarsdóttir var nemandi í H.Í.K. veturna 1952-1954 og nam þar meðal annars heimilisfræði hjá fröken Stefaníu Árnadóttir. Bókin sem hér um ræðir er uppskrift af námsefni er bar heitið *Þvottur og ræsting*. Farið er ítarlega í gegnum allt sem snýr að þrifum á heimilum hvort sem um er að ræða leirtau eða snyrtiáhöld, gólfþvottur eða fatnaður, og allt þar á milli.

Einnig fylgir safninu mynd af tveimur húsasmiðum tekin á fyrri hluta 20. aldar. Það voru þeir Atli Eiríksson og Ármann Guðmundsson, en hann var frændi Vilhelmínu. Byggingarfyrirtækið Ármannsfell er kennt við hann. Myndin kemur úr búi foreldra Vilhelmínu, þeirra Böðvars S. Bjarnasonar og konu hans, Ragnhildar.

Skrifbók 1952-1953, Þvottur og ræsting, kennt af frk. Stefaníu Árnadóttir.
Ljósmynd: Ármann og Atli. Tekin af Lofti, konunglegum sænskum hirðljósmyndara.

Askja 3

Björn Guðmundsson kaupmaður

Útskrift úr veðmálabók, Litra M, Reykjavíkurkaupstaðar. 323. Kaupsamningur Björns Guðmundssonar á kalkofni og kalkhúsi á Arnarhólslóð ásamt lóðaleigu 21.5.1887-30.4.1926. 23. maí 1889. Dönsk þýðing á fyrrgreindu skjali.

Útskrift af veðmálabók Reykjavíkurkaupstaðar Ltrm (litra) S. No. 2. Uppboð á fiskgeymsluhúsi nyrst á Arnarhólslóð með lóð úr þrotabúi Eypórs Felixssonar kaupmanns 12. júní 1899. Hæstbjóðandi var Björn Guðmundsson fyrir hönd C. Fredriksen og Co. í Mandal. 10. febrúar 1900. Dönsk þýðing á fyrrgreindu skjali.

Lóðarleiguafsal Björns Guðmundssonar kaupmanns á lóð í útnorðurjaðri Arnarhólstúns til C. Fredriksen og Co. í Mandal, 6. febrúar 1909. Dönsk þýðing.

Askja 3

Dagbók

Dagbók. Lýsing á pósthæð til Búða 20-16. nóvember 1911.

Útgerðakostnaður 1912.

Kostnaður vegna ferðar.

Listi yfir menn og sendingar.

Listi yfir ár.

Askja 3

Þorsteinn Þorsteinsson fiskmatsmaður

Þorsteinn Þorsteinsson var fæddur 1867, og lést 1947. Hann var bóndi í Fagradalstungu og í Saurbæ, Dalasýslu 1894-1897. Flutti að Fögrubrekku á Sandi og var þar fiskmatsmaður. Faðir Þorsteins var Þorsteinn Sigurðsson og Sesselja Erlendsdóttir frá Neðri-Hundadal.

Börn hans eru: Guðrún, Ingibjörg, Þorsteinn, Jóhanna og Aðalheiður.

Endurminningar.

Rímur.

Lóðaleigubréf.

Skipunarbréf.

Askja 4

Tóbaksverzlun Íslands

Póstkvittunarbók Tóbaksverslunar Íslands hf., 1929.

Leigusamningur í febrúar 1936 Á. Einarsson & Funk og Tóbaksverzlunar Íslands.

Askja 4

Fóstrufélag Íslands

Fundargerðabók Starfsmenntunarsjóðs Fóstrufélags Íslands 1990-1996 A: 24652.

Askja 4

Hlutfélagið V. Sigurðsson & Snæbjörnsson

Stofnað 21. maí 1938

Lögmaðurinn í Reykjavík kunngjörir veitingu leyfis fyrir ofan nefnt hlutfélag til að reka stórsöluverslun í Reykjavík. Leyfisbréf í 22. janúar 1941.

Askja 4

Det forenede Dampskip Selskap H.F. Eimskipafélag Íslands

Farmbréf – innflutningsskjöl o.fl. 1926-1932

Askja 5

Kristín Samúelsdóttir

Kristín Samúelsdóttir er fædd 11. mars 1955.

Kjartan Viðarson, eiginmaður hennar, fæddur 15. október 1955, afhenti safninu þann 24. febrúar 2000 vinnubækur Kristínar úr barnaskóla.

Vinnubækur, Álftamýrarskóla, 5.-6. R.

Askja 5

Matthías Þórðarson

Matthías Þórðarson var aðalumboðsmaður á Íslandi þessarar tegundar mótorá; hann var einnig útgefandi tímaritsins Ægis.

Mótorverðlistar og auglýsingar 1903-1906.

Reikningar; nóta.

Víxill 1910.

Faktura 1906.

Bréf frá Island Færö Kompagniet dags. 7. ágúst 1908.

Askja 5

Kveldúlfshúsin

áður við Skúlagötu

Thor Jensen og synir hans stofnuðu togaraútgerðarfélagið Kveldúlf hf. árið 1912.

Það var stærsta útgerðarfyrirtæki á Íslandi fram í seinni heimsstyrjöld og gerði út sjö togara, þ.á. m. Skallagrím. Útgerðarstöðin stóð á Kveldúlfshöfða við Skúlagötu í Reykjavík, á svokallaðri Móakotslóð í Skuggahverfinu. Sumarið 1913 var hafin vinna á Móakotslóðinni. Smíði Kveldúlfshöfða en svo nefndust þessar samfelldu byggingar lauk 1914. Húsin skiptust í skrifstofur, fiskgæmslur, þurrkhús og annað sem laut að útgerð. Eftir styrjöldina dró úr umsvifum Kveldúlfs.

Elín Pálmadóttir færði safninu þessi skjöl í janúar 2000.

Einar Vilhjálmsson: Sjóminjasafn.

Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík: Fyrstu steyptu húsin í Reykjavík.

Ljósrit úr Minningum Thors Jensen, skrásettar af Valtý Stefánssyni, 1955.

Elín Pálmadóttir: Heimildir um Kveldúlfshúsin við Skúlagötu: Úrklippur o.fl. 1984-1985.

Teikningar af Kveldúlfshúsunum.

Askja 5

Orator

Félag laganema

Hátíðisdagur Orators 6. febrúar 1957. Kveldfagnaður í Silfurtúnglinu. Borðhald. Ræður: Gunnar Thoroddsen, Barði Friðriksson. Danz.

Askja 5

Angela Baldvins

Angela Baldvins er fædd 7. maí 1931. Hún var nemandi í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Maður hennar er Stefán Valur Pálsson, fæddur 1. júlí 1929.

Skjölin voru gefin 13. mars 2002, höfðu áður verið lánuð á sýninguna *Mundu mig, ég man þig*.

Prófeinkunnir Angelu G. Baldvinsdóttur 1939 úr Miðbæjarskóla.

Vinnubók í dýrafræði: Fuglarnir.

Askja 5

Reykjavíkur Apótek

Umslag með teikningu af Reykjavíkur Apóteki.

Umslag merkt Gerpúlver í 1/2 kíló af mjöli.

Merkimiði.

Læknarecept stimplað af Reykjavíkur Apóteki.

Box undan magnýltöflum, 25 stk. (ýmislegt smádór er í boxinu).

Askja 5

Ágústa Pétursdóttir Snæland

Ágústa Pétursdóttir Snæland er fædd 9. febrúar 1915. Hún er dóttir Péturs Halldórssonar, bóksala, alþingismanns og borgarstjóra sem fæddur var 26. apríl 1887 og lést 26. nóvember 1940, og konu hans Ólafar Björnsdóttur húsfreyju. Ágústa átti fyrst Henrik Pay Larsen blaðamann í Kaupmannahöfn, síðar Pétur Valdimar Pétursson Snæland forstjóra í Reykjavík. Ágústa er sú fyrsta hér á landi sem lýkur námi í auglýsingateiknun, en hún fór til Kaupmannahafnar til að nema hana. Ágústa hefur m.a. teiknað mörg jólamerkja Thorvaldsensfélagsins.

Ljóðin bárust safninu í tilefni ástardagsins 10. nóvember 2001. Ágústa afhenti fleira 7. maí 2002.

Ljóð: Móðir mín, Þinn vinur P.H.; Andvaka; Fossinn minn; Minning; Sagan gamla; Steinhjartað; Til Péturs.

Ljósrit úr stílabók með ljóðum, þulu, hugleiðingum, draumum og útleggingu þeirra, ásamt myndum teiknuðum af Ágústu. Ljóðið Pétur og Ólöf er um móður Ágústu og tengdason hennar Pétur, eiginmann Ágústu.

Ljóð: Ólöf Björnsdóttir 1887-1963 og Þinn vinur PH, ort 1998 og 1999. Ágústa er höfundur ljóðanna. Ljósritaðar myndir af foreldrum Ágústu, Ólöfu Björnsdóttur og Pétri Halldórssyni fylgja ljóðunum.

Askja 6

Ásta Magnúsdóttir

Ásta Magnúsdóttir er fædd 30. janúar 1921.

Fjögur nýárskort 1932-1935.

Fermingarkort 12. maí 1935.

Ljósmynd úr Austurbæjarskóla, 8. bekk A, 1934-1935; kennari: Gunnar M. Magnúss.

Íslenskar landslagsmyndir, lausar og í albúmi, merktu Íslenskar eimskipamyndir.

Tvær grafskriftir (útfararskrár), 1939, 1988.

Askja 6

Sigríður Ásgeirsdóttir

Sigríður Ásgeirsdóttir færir Borgarskjalasafni skjöl þessi að gjöf 26. janúar 2000.

Þrjár jólabækur 1950, 1951, 1954.

Vinnubók.

Teiknuð afmæliskort í vindlakassa.

Askja 7

Trausti Friðfinnsson

Trausti Friðfinnsson færir Borgarskjalasafni skjöl þessi að gjöf 16. nóvember 1999.

Trausti gefur safninu fleiri skjöl, í maí 2003 og 21. júlí 2003.

Sonarfórni, ljóð; höf. Þorsteinn Björnsson, útg. 1925.

Tvö drottningarkvæði eftir Evu Hjálmarsdóttur, útg. 1936.

Frá ca. 1954-1960:

Leikskrár.

Tónleikaskrár.

Söngskemmtun.

Sýningaskrár.

Dagskrár: Revíur, kabarett, Rússneskur ballett, Circus kabarettinn, Circus Zoo.

Auglýsingabæklingar (Vinnufatagerð Íslands (VÍR).

Auglýsing: Ég á ánægðan mann – Ég á hyggna konu!

Leyst úr fjötrum Satans. Eitt af „vitnum Jehóva“ segir frá (sérprent).

Lög Félags sýningarmanna við kvikmyndahús, 1953.

Vörufréttir frá SÍS.

Lögreglukór Reykjavíkur: Samsöngur, 1952.

Bridgesamband Íslands: Íslandsmót í bridge, 1960.

Sænskir síldarréttir, bæklingar.

Leiðarvísir (saumavél).

Samningur milli Félags Íslenskra iðnrekenda og löðu, félags verksmiðjufólks, 1958.

Myndir af starfsfólki Rafmagnseftirlits ríkisins, 1933-1958.

Fært safninu 7. desember 2000:

Samningar Verkakvennafélagsins Framsóknar við Vinnuveitendasamband Íslands og Reykjavíkurborg, 1962.

Skírteini styrktarféлага Lúðrasveitar verkalýðsins, 1977.

Ráðningarstofa Reykjavíkurborgar: Innritunarskírteini.

Boðskort.

Leikflokkur Þorsteins Ö. Stephensen: Tveir í skógi, gamanleikur eftir Axel Ivers, leikfór sumarið 1960.

Harry Dawson, Swing-píanótónleikar, 1946.

Auglýsing: Renault bifreiðarnar.

Aðgöngumiðar í Borgarbíó og Tjarnarborgar-bíó.

Fært safninu vorið (í maí) 2003:

Bíó-prógram.

Tónleikaskrár, söngskemmtanir, óperutónleikar.

Alexander Púskín, 1799-1949, myndasýning.

Bláa stjarnan, kvöldsýningar í Sjálfstæðishúsinu á miðvikudögum og sunnudögum kl. 81/2.

Kynning Stúdentaráðs á verkum: Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi

Samband Íslenskra karlakóra: Söngmót í Reykjavík 1930.

Sigfús Elíasson: Minningarljóð um forseta Íslands herra Svein Björnsson, prentað sem handrit.

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík 27. og 28. september. Ávarp frá stuðningsmönnum Harðar Einarssonar.

Auglýsingar: Flugfélag Íslands, Vátryggingafélagið h.f., Friðrik Bertelsen (Dunlop hjólbarðar), Skipsvátryggingarskírteini, eyðublað.

Trausti færir safninu eftirfarandi 21. júlí 2003:

Sona-fórn, eður um mannskaðana miklu á afliðnum vetri. Tileinkað Íslenskum sjómönnum.

Höfundur: Þorsteinn Björnsson úr Bæ.

Útfararskrár: Axel Jónsson, f. 29. júlí 1893, dáinn 12. júlí 1961.

Breiðfirðingafélagið: Þorablót, 1961, 4 eintök.

Söngskrár, 1950-1956.

The Gateway presents: The Golden Gate. An Icelandic Play by David Stefansson, 1951.

Kjarvalssýning í júní 1968.

Í.S.Í.: Íslandsmót í Badminton í K.R. húsinu við Kaplaskjólsvæg 6. og 7. maí 1961.

Keppendaskrá.

Sólarrennibrautir fyrir Ameríska uppsetningu.

Askja 7

Arnfinnur U. Jónsson

Arnfinnur U. Jónsson er fæddur 16. mars 1942 og er skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur. Arnfinnur afhendir Borgarskjalasafni dagbók til eignar með bréfi dags. 20. janúar 2000.

Dagbók úr Austurbæjarskóla fyrir heimalærdóm 1950-1951, merkt á kápu:
Arnfinnur J. Skólakompa þessi er unnin fyrir tilstilli Valgerðar Guðmundsdóttur kennara.

Askja 7

Skáksamband Íslands



Skáksamband Íslands (S.Í.) er í senn samband íslenskra skákfélaga og heildarsamtök skákmanna (Heimild: Heimasíða Skáksambandsins).

Samningur milli Skáksambands Íslands og World Chess Network INC vegna heimsmeistaramóts í skák milli Boris Spasski og Robert Fischer, 12. og 14. júní 1972, frumrit og afrit.

Bréf til Skáksambands Íslands um samning við lögfræðinga Robert Fischer, Bertram Cohen og World Chess Network, 21. ágúst 1972, afrit.

Bréf til World Chess Network frá Louis Konigsberg þar sem hann er búin að gera fjárhagsáætlun (sem fylgir með) fyrir heimsmeistaramótið 13. júní til 15. september 1972, 27. september 1972, afrit.

Mappa: Bréf og fjárhagsyfirlit til Chester Fox and Co frá Fred H. Geller, 21. september 1972.

Bréf til Skáksambands Íslands frá Stein and Fredericks um að hugsanlega þurfi að fara í lögsókn gegn H.Í Dalgo, 6. desember 1972, frumrit og afrit.

Bréf til Guðmundar G. Þórarinssonar frá Richard C. Stein, 2. janúar 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Skáksambandi Íslands til Robert J. Nicol, Jim, World Chess Network og Henry Stampleman Co., vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, afrit.

Bréf frá Skáksambandi Íslands til Berry I. Fredericks vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 4. janúar 1973, afrit.

Bréf til Skáksambands Íslands frá Halperin, Morris, Granett & Cowan vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák, 10. janúar 1973, frumrit.

Bréf til Skáksambands Íslands frá Katz, Barry, Nicol and Wallach vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, frumrit og afrit.

Bréf til Skáksambands Íslands frá Louis Konigsberg þar sem hann vísar erindi Skáksambandsins á skjólstæðing sinn, 23. janúar 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Skáksambandi Íslands til Richard C. Stein, Halperin, Morris, Granett & Cowan og Robert J. Nicol vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972. Með bréfi Rogert's J. Nicol er bréf (Statement) frá M. Euwe forseta FIDE, 24. janúar 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Harris & Fredericks til Skáksambands Íslands vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 25. janúar 1973, frumrit.

Bréf til Guðmundar G. Þórarinssonar frá Lothar?, afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Skáksambands Íslands, Richard Stein, Esq. og Barry I. Fredericks, Esq. vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 28. febrúar 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar, þá vantar svarbréf, 1. apríl 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar, þá vantar enn svarbréf, 19. apríl 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá FIDE til Skáksambands Íslands vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 21. maí 1973, afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 29. maí 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Skáksambandi Íslands til Halperin, Morris, Granett & Cowan og FIDE vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 20. júní 1973, afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 12. júlí 1973, frumrit og afrit.

Bréf FIDE til Guðmundar G. Þórarinssonar vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 13. júlí 1973, afrit.

Bréf frá Skáksambandi Íslands til Stein, Cohen og Fredericks, 23. júlí 1973, afrit.

Bréf til Guðmundar G. Þórarinssonar frá Richard C. Stein, vegna samskipta við Dell Publications, 13. september 1973, frumrit og afrit.

Bréf frá Skáksambandi Íslands til Paul F. O'Donnell Jr., árétting á bréfi frá 23. júlí, 20. október 1973.

Bréf frá Guðmundi G. Þórarinssyni til Michael Halperin, vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 29. október 1973, afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 2. nóvember 1973, frumrit.

Málsgögn vegna lögsóknar, Worls Chess Network, INC gegn Skáksambandi Íslands, 1973, líklega afrit.

Bréf frá Guðmundi G. Þórarinssyni til Michael Halperin, vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 2. febrúar 1974, afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar, vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972, 8. febrúar 1974, frumrit og afrit.

Bréf frá Guðmundi G. Þórarinssyni til Michael Halperin, vegna uppgjörs heimsmeistaramóts í skák 1972 og bréf frá Michael Halperin til Guðmundar, 8. mars 1974, frumrit og afrit.

Bréf frá Halperin, Morris, Granett & Cowan til Guðmundar G. Þórarinssonar, staðfesting á móttöku greiðslu og uppgjör, 15. mars 1974.

Soviet Chess, volume 1 no. 2, 1974.

Bulletin Olympique, no. 2, 1974.

Askja 8

Taflfélag Reykjavíkur

Anna Eygló Antonsdóttir, Langagerði 6, Reykjavík, færði Borgarskjalasafni eftirtalin skjöl að gjöf í júní 2013.

Fundargerðabók Taflfélags Reykjavíkur 1936-1962, ásamt skýrslum stjórnar og fylgiskjöllum. Fundargerðir, skýrslur stjórnar, upplýsingar um taflmót og starfsemina, bréf o.fl. á lausum blöðum, 1936-1959 og ódagsett.

Askja 8

Lilja Kristjánsdóttir
Hæðarbyggð 4, Garðabæ

Bréf frá vinkonum og skólasystur, sum með límmiðum og teikningum 1987-1989.

Askja 8

Albína Hulda Pálsdóttir
Fornleifafræðingur
(05.10.1982)

Límmiðabók Albínu. AHP átti þessa límmiðabók þegar hún bjó á Reykhólum í Austur-Barðastrandasýslu. Í henni eru límmiðar úr Æskunni, Andrésblöðum, Seate n sníff límmiðar frá USA og víðar.

Lög nýs, sameinaðs félags fornleifafræðinga (enn nafnlaust).

Um fornleifafræðinga og fornleifarannsóknir, siðreglur, ódagsett.

Sigurður Sveinn Pétursson, minningarathöfn 16. mars 2013

Boðskort í brúðkaup 14. júlí 2012. Afmælisboð í sextugsafmæli án ártals.

Boðskort í fermingarveislu 17. mars án ártals.

Óvíst hver gaf Borgarskjalasafni heftið

Þjóðlagadansar I, eftir Sigríði Þ. Valgeirsdóttur M.A Reykjavík 1959, ásamt lausblöðum.

Askja 9

Jóhanna Jóhannesdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir er fædd 28. nóvember 1937.

Skjölin voru sýnd á sýningunni „Mundu mig, ég man þig“ á vordögum 2000.

Jóhanna færði Borgarskjalasafni skjölin að gjöf 9. febrúar 2000.

Einkunnaspjöld úr Austurbæjarskóla 1945-1953

Skírteini um barnapróf úr Austurbæjarskóla 1950.

Skírteini um unglingaskólapróf 1952 og skírteini um miðskólapróf 1953.

Sundskírteini

Einkunn úr miðsvetrarprófi 1949.

Bréfspjald frá Tónlistarskólanum 1949

Vorpróf úr Tónlistarskólanum 1949.

Prófskírteini úr Tónlistarskólanum í Reykjavík 1948.

Vorboðinn, 1. tbl., 1. árg., útg. 10 ára bekkur D, Austurbæjarskólanum, sennilega 1947.

Askja 9

Siguroddur Magnússon

Siguroddur Magnússon er fæddur 27. ágúst 1918. Hann býr í Brekkugerði 10, RVK.
Þórir Ragnarsson í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni sendi safninu skjölin þ. 6. mars 2001; þau fylgdu gögnum úr búi Sigurodds sem færð voru Landsbókasafni að gjöf.
Fermingarkort, kápa úr sellólíð, upphleypt með rósum og blúnduverki, 1932.
Fermingarkort, með ljósmynd af ungum pilti í gylltum skrautdregnum ramma með glimmer og blómaskrúði, tvö kort, 1932.
Fermingarkort, fjögur, íslensk, 1932.
Fermingarkort, handgert, skrautritað og teiknað af Katrínu, 1932.
Fermingarskeyti, ellefu að tölu, 1932.
Fermingarskeyti, með litfögnum syngjandi þresti á grein og dönskum bóndabæ í bakgrunni.
Minningarkort um Pálínu Þorfinnsdóttur, 1977.

Askja 9

Hans Madsen Kragh

(1859-)

Sjóferðaskjöl Hans Madsen Kragh sem fæddur var 24. ágúst 1859 í Fridericia á S.-Jótlandi (áður Þýskalandi). Skjölin koma úr búi Baldurs Erlendssonar sem lést 1. janúar 2001. Baldur er afkomandi Hans Madsen Kragh.
Birgir Óskarsson afhenti skjölin Borgarskjalasafni 11. júní 2001.
Vottorð skipstjóra 22. september 1881 þess efnis að H.M. Kragh hafi verið háseti og siglt með skipinu Olive frá Hamburg 7. september 1881 til 20 september 1884.
Meðmæli skipstjóra gufuskipsins Lauru, rituð í Kaupmannahöfn 3. júní 1890, til handa Hans Madsen Kragh.
Taufschein. Skjal þess efnis að Hans Kragh hafi siglt um miðbaug með skipinu Olivie 24. október, án árs.
Útprint úr tölvu: Einstaklingar sem bera ættarnafnið Kragh hér á landi og kennitölur þeirra.

Askja 10

Sigfús Elíasson

Örk sem geymir tvo kvæðabálka eftir Sigfús Elíasson:
Sannleiksbjargið endurómar. Til forsætisráðherra Íslands Ólafs Thors 7. júní 1956 og 20. nóvember 1959. Reykjavík, Dulrænaútgáfan, 1959. Prentað sem handrit.
Sigfús Elíasson: Skólabjallan, Dulrænaútgáfan 1963, tvö eintök.

Askja 10

Bolli A. Ólafsson

Bolli A. Ólafsson er fæddur 12. september 1926.

Bolli færir Borgarskjalasafni kort sín að gjöf 4. janúar 2001.

Póstkort, frá 1902-1935 eða þar um bil, eitt kort frá áttunda áratug 20. aldar: Landslagskort, afmæliskort, jólakort, Goðafoss, Jón forseti, flugvél á Reykjavíkurhöfn, stúlka á upphlut, Íslands udvikling 1885-1902, Landnám Íslands 874-930 (Samúel Eggertsson teiknaði), Siglingar forfeðra vorra á Þjóðveldistímanum (Samúel Eggertsson teiknaði), Landnámsferð Ingólfs 874 (Samúel Eggertsson teiknaði), Landspítalinn, Landsbókasafnið og Þjóðleikhúsið, Hús Bjarna Sívertsen, 1974, Íslenskir söngvarar: Pétur Jónsson, Eggert Stefánsson, Sigurður Skagfeldt, Einar E. Markan, þrjú kort frá Handavinnusýningu Kvennaskóla Reykjavíkur 1915.

Askja 10

Margrét Guðmundsdóttir

1887-1960

póesí-bók

Dagbjört Halldórsdóttir er fædd 12. apríl 1947. Lára Guðmundsdóttir, f. 3. ágúst 1890, d. 8. mars 1974, föðursystir Dagbjartar arfleiddi hana að neðangreindri poesie-bók. Lára var dóttir hjónanna Dagbjartar Brandsdóttur, f. 13. september 1863, d. 23. október 1941 og Guðmundar Einarssonar steinsmiðs, f. 23. ágúst 1857, d. 11. júlí 1938, en þau þurftu að setja Lára í fóstur sökum fátæktar. Fósturforeldrar Lára frá 2ggja ára til 8 ára aldurs voru hjónin á Gýgjarhóli, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu, þau Þórhildur Pálsdóttir og Guðmundur Guðnason. Dóttir þeirra var Margrét Guðmundsdóttir, f. 2. febrúar 1887, d. 3. ágúst 1960, sem Lára kallaði fóstursystur sína, en Margrét átti bókina.

Tvö systkina Margrétar hétu Guðni Guðmundsson, múrari, og Ingibjörg Guðmundsdóttir. Ingibjörg og maður hennar Jóhann Bjarnason, vélstjóri, bjuggu að Gljúfurholti (Gljúfurárholti?), Ölfushreppi, Árnassýslu í tvíbýli við Margréti og Guðna bróður Margrétar frá ca. 1931. Eftir að þau brugðu öll búi settu þau sig niður í Hveragerði.

Síðustu ár Margrétar bjó hún á Grenimel 5, og síðast á Laugavegi 137 í Reykjavík, hvorttveggja í sambýli með Lára Guðmundsdóttur. Íbúðarhús Ingibjargar og Jóhanns að Gljúfurholti brann ca. 1975, en hús Margrétar og Guðna stendur enn.

Áður en Margrét flutti að Gljúfurholti bjó hún um tíma á Laugavegi 76. Margrét var trúlofuð ungum sjómanni, sem fórst á skútunni Ingvari á Viðeyjarsundi 1906 í augsýn Reykvíkinga. Hún giftist aldrei.

Margrét og Guðni tóku ungan dreng, Guðjón að nafni, í fóstur; hann lést um tvítugt og er jarðaður að Kotströnd. Ingibjörg og Jóhann ólu að nokkru leyti upp stúlku, Ásu Sæmundsdóttur, f. 21. ágúst 1924.

Póesí-bókin er gjöf Dagbjartar Halldórsdóttur til Borgarskjalasafns. Póesibók er eins konar minningabók. Oft eru orðin vísnað og póesibók notuð nokkuð jöfnum höndum, flestir munu þó tengja póesibók öðru fremur við rómantík

Í póesibækur voru skráðar vísur og kvæði til árnaðar eiganda.

Halldór, fyrrverandi forstjóri Shell og Sigríður, frönskukennari í Menntaskólanum í Reykjavík, börn Magnúsar Skaftfjeld, bifreiðarstjóra í Reykjavík, en Guðrún Halldórsdóttir, sú fyrsta sem skrifar í bókina, var systir hans, eru aðalheimildarmenn að ofangreindum upplýsingum, en Axel Sigurðsson, lyfjafræðingur, aflaði þeirra, og afhenti safninu bókina 11. apríl 2001.

Poesie-bók, ca 1908-1912, merkt á saurblaði Margréti Guðmundsdóttur. Bókin er bundin í tréspjöld klædd skinni og skreytt upphleyptum förlauðum rósum og grænlituðu laufskrúði. Bókin hefur að geyma spakmæli, heilræðavísur, stökur og ljóð; eitt ljóð er á dönsku eftir H. Nyblom. Ljóðin eru flest eftir kunn íslensk skáld.

Eftirfarandi hafa ritað í bókina – sum ljóðanna eru þó nafnlaus:

Guðrún Halldórsdóttir, Guðni Þorláksson, Guðm. Þorbjörnsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Álfðís H. Jónsdóttir, Þóra Petrína Jónsdóttir, Gunnhildur Magnúsdóttir, G.H., Gudda, Guðríður, Hildur, Einar Halldórsson, Guðmundur Þorláksson, G. Bjarnason, Guðlaug Hafliðadóttir, Kr. Jónsson, M. Auðunsson, Tóta í Breiðholti, Guðbr. Guðmundsson frá Búðardal, Gunna, Steina (þ.e. Steinunn Kristjánsdóttir, eiginkona Magnúsar Skaftfjeld, ævivinkona Láru Guðmundsdóttur).

Skráð RB

Askja 10

Þingholtsstræti 24

Þingholtsstræti 24 ásamt lóð var eign málaranna Jóns Reykdals og Kristjáns

Á. Möllers. Hún var seld 1916 og seldi þá Pétur Gunnarsson. Reinhold Andersson klæðskeri keypti húsið. Bengta Kristín Grímsson, síðar börn hennar Reinhold Kristjánsson og Birna Gróa Ryste voru eigendur hússins frá 1969 til ársins 1977 en Reinhold Andersson var afi þeirra.

Sveinn Þórisson fyrrum eigandi Þingholtsstrætis 24 færði safninu skjöl þessi að gjöf 15. ágúst 2001. Sveinn er fluttur til útlanda.

Ljósrit skjala þessara eru geymd með B- skjölum Þingholtsstrætis 24 undir nr. 1580.

Bréf frá Reinhold Kristjánssyni til Sveins Þórissonar, dagsett 29. júní 1998.

Bréf frá Reinhold Kristjánssyni til Sveins Þórissonar með frumritum skjala er varða fasteignina Þingholtsstræti 24, dagsett 28. desember 1999.

Virðingargjörðir fyrir Þingholtsstræti 24, 1905 og 1935.

Tryggingaskírteini vegna Þingholtsstrætis 24, 1905: Kjøbstædernes Almindelige Brandforsikring - Police.

Ljósrit úr byggingarmáladagbók borgarstjóra, nr. 46 um Þingholtsstræti 24.

Ljósrit úr grein í Morgunblaðinu 28. október 1997 um Þingholtsstræti.

Askja 10

Guðfinna Þórarinsdóttir

Áslaug Boucher Þórarinsdóttir færði Borgarskjalasafni póstkort þessi að gjöf 20. september 2001, en þau tilheyrðu systur hennar, Guðfinnu Þórarinsdóttur sem fædd var 18. september 1898 og lést 23. september 1981.

Póstkort þ. á m. jólakort; íslensk og erlend, ca. 1910-1940.

Askja 11

Teikningar og hugleiðingar barna 2000 / 2001

Á sýningu Borgarskjalasafns á vordögum 2000 sem bar heitið Mundu mig, ég man þig var börnum boðið að festa hugmyndir sínar um gamla tíma á blað.

Einnig sendu börn úr Selásskóla ritgerðir sínar, ljóð og myndir sem þau unnu í skólanum að lokinni heimsókn á safnið 12. apríl 2000; börn úr Breiðagerðisskóla sendu og hugleiðingar sínar um það hver væri munur á að vera barn dag og „í gamla daga.”

Teiknaðar og litaðar myndir barna sem skoðuðu sýninguna Mundu mig, ég man þig.

Börn og unglingar í Reykjavík á 20. öld; ritgerðir barna unnar í tölvu.

Til Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Frá börnum í 3ANM í Selásskóla í Reykjavík. Unnið að lokinni heimsókn á safnið 12. apríl 2000. Börn úr 4-N í Laugarnesskóla rituðu með fjaðurstaf og bleki nöfn sín á blað í heimsókn á safnið 21. maí 2001.

Askja 11

Edda hf.

Þór Þorsteins afhenti hlutabréfin Borgarskjalasafni Reykjavíkur 17. nóvember 2000.

Hlutabréf í H/F Eddu 15. mars 1935; hluthafar eru: Bjarni Guðjónsson, Haukur Thors, Hálf dán Bjarnason, Karl Þorsteins, Richard Thors, og D. Marabotti.

Askja 11

Íslenzka vöruskiptafélagið

Þór Þorsteins afhenti skjölin Borgarskjalasafni 17. nóvember 2000.

Efnahagsbók Íslenzka vöruskiptafélagið 1953-1973, löggilt 5. des. 1968.

Rekstrarreikningur Íslenska vöruskiptafélagsins s/f fyrir árið 1971 og efnahagsreikningur 31. desember 1971. Rekstrarreikningur Íslenska vöruskiptafélagsins s/f fyrir árið 1972 og efnahagsreikningur 31. desember 1972.

Kassabók Íslenzka vöruskiptafélagsins, nær til ársins 1972.

Askja 12

Una Margrét Jónsdóttir

Una Margrét Jónsdóttir er fædd 14. júní 1966.

Una Margrét lánaði skjöl sín á sýninguna Mundu mig, ég man þig, sem haldin var á Borgarskjalasafni á vordögum 2000. Hún gaf síðan skjöl sín safninu.

Upplýsingar Unu Margrétar um skjöl sín.

Teikningar og sjónvarpsdagskrá, ca. 1970-1972., 12 blöð.

Askja 12

Áramótagleði Útvarpsins

Handrit þetta barst Borgarskjalasafni vorið 2001.

Ári var það". Áramótagleði Útvarpsins 1979 / 80.

Askja 12

Hjörleifur Kristmannsson **Skósmíðameistari 1886-1963**

Hjörleifur Kristmannsson, skósmíðameistari Þórsögðu 23, var fæddur 21. september 1886 og lést 8. apríl 1963.

Dóttir Hjörleifs Gerður afhenti safninu kladda þennan til varðveislu 20. október 1997.

Kladdabók, 1940-1944.

Bréfsefni (reikningur), tvö að tölu.

Askja 12

Jóhannes VII

Ekki er vitað hvernig stílabók þessi er tilkomin.

Stílabók með trúarlegu efni, merkt Jóhannes VII.

Askja 13

Auður Jónsdóttir Víðis **og Sigurður Sigurðsson**

Bergþóra Sigurðardóttir færði Borgarskjalasafni skjöl þessi að gjöf 5. nóvember 2001 í tilefni skjaladagsins 10. nóvember 2001 sem helgaður var ástinni Leyfisbréf, 5. nóvember, hjónavígslubréf, dags. 8. nóvember 1925. Vegabréf, dagsett 31.3. 1919 til handa Sigurði Sigurðssyni sem fæddur var 28. apríl 1884 á Kálfafelli.

Askja 13

Kvenfatatíska

Kjóla- og kvenfatasnið ásamt tískumyndum úr Nordisk Mønster Tidende. Journal for Toilett og Dame-haandarbejde, 33. Aarg. Søndagen den 16. December 1906. Skyndisöluútgáfa, útg. Haraldarbúð. 1. tbl. 1. árg., miðvikudaginn 29. ágúst 1934.

Askja 13

Haraldur Samsonarson

Kredit Journaludtog fra Kredit Kladderne, Januar 1909-1913, 1933, 1933-1934. Dagbókarkladdinn er merktur svo á kápu: Haraldur Samsonarson.

Óskar Jóhannsson

Fært í einkaskjalasafn nr. 575

Óskar var starfsmaður hjá borgarverkfræðingi og afhenti Borgarskjalasafni þessi skjöl: Farið í sveitina, 1937; minningar úr sveit. Óskar afhendi þessi skjöl 9. september 2004. Reykjavíkurmýndir Halldórs Péturssonar. Litaljósrit af Reykjavíkurmýndum Halldórs Péturssonar sem skreyttu forsíðu tímaritsins Úrvals á árunum 1965-1968. Síldarævintýri í strætó. Frásögn frá 1947. Úr Djúpinu: Frá Bolungarvík að Laugarbóli. Frásögn Óskars Jóhannssonar frá árunum 1938 til 1940 og til dagsins í dag. Endurminningar Óskars Jóhannssonar árin 1931-1947 á CD disk, afhent 2012. Gjöf 5. júní 2012, til Guðjóns Indriðasonar.

Skráð, GI

Askja 13

Kassabók II

Kassabók II, nóvember 1928 – ágúst 1930.

Askja 14

Viggó Þorsteinsson

Skjöl og bókhaldsgögn varðandi störf Viggós Þorsteinssonar bókhaldara; einnig skjöl affjármálaegum toga fyrirtækisins Højgaard og Schultz a/s og skjöl er snerta framkvæmdir við Ljósafossvirkjun við Sog, 1937.

Askja 14

Mjólkurfélag Reykjavíkur

Skjöl þessi bárust Borgarskjalasafni frá Hafnarstræti 5 þar sem skrifstofur MR voru. Merkimiðar (hengimiðar) með auglýsingu Mjólkurfélags Reykjavíkur: Hagkvæm innkaup auka hagsæld í búi með því að versla við okkur sparið þjer margar krónur yfir árið, og það er einmitt það sem sveita búskapurinn þarfnast nú á dögum. Reikningseyðublöð Mjólkurfélags Reykjavíkur. Umbúðapappír (smjörpappír) merktur Mjólkurfjelagi Reykjavíkur. Skömmunarmiðar Mjólkurfélags Reykjavíkur: Kjósarbíll. Mjólkurfélag Reykjavíkur: Efnagerðin: Frumbók, nr. 1. janúar-15. janúar 1934. Efnagerðin Stjarnan (Mjólkurfélag Reykjavíkur): Frumbók, nr. 2 20. janúar - 31. janúar 1937.

Askja 14

Bragi Ásbjörnsson

Bragi er fæddur 2. maí 1929. Hann er múrari að iðn. Árbæjarsafn færði safninu þessi skjöl 2001: Pappírsblað með nöfnum nemenda í Gagnfræðaskóla Reykjavíkur í Vonarstræti veturinn 1944-1945; Bragi Ásbjörnsson er einn nemenda. Peningur úr kopar með áletruninni Almennar tryggingar h/f á annarri hlið og mynd af Ingólfi Arnarsyni og Íslandi, á hinni hlið peningsins stendur: Finnandi vinsamlegast skili til Almennar tryggingar h/f Austurstræti 10 nr. 36. Átta blöð af Félagsriti Róðrarfélags Reykjavíkur: 1951-1952. Danskir leskaflar handa menntaskólum. Kristinn Ármannsson og Einar Magnússon. Mynd á baksíðu eftir Árna Elfar. Mynd eftir "ÓJó", Ólaf, sem var starfsmaður Rafveitunnar. Ljósmyndasafn færir safninu 16. apríl 2002 eftirfarandi (Bragi hafði áður gefið Ljósmyndasafni dagbókina ásamt ljósmyndum): Jólalabókin 1937, merkt: Bragi.

Askja 14

Guðbrandur Þórðarson

Árbæjarsafn færði Borgarskjalasafni þetta sjóferðaskjal 2001.

Skírnarvottorð um miðbaugsskír, ca. 1956,1957. Stílað á Guðbrand Þórðarson

Askja 15

Hilmar Daníelsson

1931-1959

flugmaður

Hilmar Daníelsson var fæddur 6. desember 1931. Hann fórst í flugslysi við Snæfellsnes 24. maí 1959. Foreldrar hans voru Daníel Markússon, slökkviliðsmaður í Reykjavík, fæddur 29. ágúst 1950, dáinn 1. janúar 1971, og Hrefna Ásgeirsdóttir, húsfreyja, fædd 5. október 1906, dáið 5. júlí 1997. Hilmar lauk prófi úr Samvinnuskólanum 1951. Hann hóf flugnám 1956 og öðlaðist atvinnuflugmannsskírteini 1958. Hilmar starfaði í fyrstu sem verslunarmaður, síðar varð hann kaupmaður; hann var þó jafnframt flugmaður hjá Birni Pálssyni. Árið 1957 kvæntist Hilmar Láru Vigfúsdóttur innanhússarkitekt, hún er fædd 25. ágúst 1929. Sonur Hilmars og Jóhönnu Pálsdóttur er Páll Björgvin, fæddur 13. apríl 1951.

Lára Vigfúsdóttir afhenti Ljósmyndasafni Íslands skjöl þessi 22. október 1998.

Starfsmaður Ljósmyndasafns Íslands afhenti Borgarskjalasafni skjölin 5. febrúar 2002.

Bréf, handskrifað af Láru Vigfúsdóttur til Kötlu Ólafsdóttur, dagsett 24. september 1986, vegna stéttatals flugmanna, ásamt tölvuútprenti með ættfræðiupplýsingum.

Nafnskírteini Hilmars Daníelssonar, 11. desember 1947.

Vegabréf Hilmars, 1956.

Skírteini Hilmars sem heimilar að stýra leigubílfreið til mannflutninga, 22. desember 1951.

Einkunnabækur Hilmars úr Gagnfræðaskólanum í Reykjavík skólaárin 1947-1948, 1949, 1950; einkunnaskírteini úr Gagnfræðaskólanum í Reykjavík 1950.

Minningabók Hilmars.

Félagsskírteini Hilmars í Alpýðusambandi Íslands, Dagsbrún, 28. júní 1949; í hুলstri.

Vegavinnumenn 31. júlí 1948, prentað kvæði áritað Hilmar eftir Friðrik Hansen.

Fermingarskeyti Hilmars 27. maí 1945, 33 að tölu; tvö þeirra skrautrituð.

Fermingarkort, níu að tölu, sjö þeirra tvöföld með ljósmynd, eitt þeirra handgert (skrautritað).

Ljósmynd, sporöskjulaga, í heimagerðum ramma með gleri; myndin er af Hilmar, föður hans Daníel Markússyni og afa Markúsi Pétri Daníelssyni. Merkt á bakhlið.

Ljósmyndir, tíu að tölu, flestar af Hilmar á ýmsum aldri, allar merktar að aftanverðu. Ein mynd er af Hilmar ungum uppi á stuðara pallbíl, myndin er tekin á Hvammstanga; önnur er af Hilmar u.þ.b. 12-13 ára gömlum ásamt systur sinni Svanborgu, myndin er tekin á Hvammstanga; tvær myndir sýna Hilmar og konu hans Láru, önnur er brúðkaupsmynd 5. júlí 1957; ein mynd sýnir hús á Hvammstanga, hugsanlega heimili Hilmars.

Blekpenni, silfurskreyttur, með ígreypu nafni: Hilmar Daníelsson.

Skráð RB

Askja 15

Morten Jensen Rødgaard

(1771-1829)

Hafnarstræti 16

Morten Jensen Rødgaard var danskur skipherra fæddur árið 1771. Hann lést 1829. Rødgaard var skipstjóri á eigin skipi við Ísland. Hann var borgari á Íslandi frá 1791. Jens Mortensen Rødgaard var sonur hans, fæddur 1745, látinn 1792. Rødgaard eldri lét, með félag nokkurra Faneyjarmanna að baki, reisa hús við Hafnarstræti og hóf þar rekstur verslunar. Nefnist hús þetta framan af „Józka húsið“, en seinna um fjölda ára „Möllershús“, nú er það hús nr. 16 við Hafnarstræti.

Skjöl þessi bárust hingað 4. mars 2002 frá skjalasafni Ráðhúss Reykjavíkur.

Kort til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, borgarstjóra, frá Sif Ingólfssdóttur, dags. 19. nóvember 2001.

Bréf frá J. Rødgaard-Hansen til Kaj Rødgaard-Jessen, dags. 23. júní 2000.

Minnismiði úr skjalasafni ráðhússins.

Ættfræðipjónustan: Morten Jensen Rødgaard, athugun um dvöl hans og umsvif á Íslandi eftir Jón Val Jensson, 31. maí 2000.

Ljósrit af ýmsum gömlum pappírur; ættartölur.

Ljósmynd af Jens Hansen Jessen, fæddur í Fanø í Danmörku 1882, dáinn 1910. Hann setti niður fyrstu bátavélina í sexæringinn Stanley, en sá atburður átti eftir að marka tímamót í sögu útgerðar og atvinnulífs hér á landi. Jessen gerðist einnig brautryðjandi á sviði kennslu í vélfræði hér á landi og setti á stofn fyrsta vélaverkstæði landsins í samvinnu við útgerðar- og skipstjórnamenn á Ísafirði.

Ljósmyndir, tvær; önnur myndin af Sif Ingólfssdóttur og Otto Rødgaard Jessen, hin af Sif, Else, konu Otto Rødgaard Jessens og Ullu, dóttur Ottos.

Úrklippa úr Morgunblaðinu um Miðstöð myndlistar í aldagömlu húsi, 26. október 2001.

Skráð RB

Askja 15

Ættartala Halldórs Einarssonar

Ættartala Halldórs Einarssonar, fæddur 6. júní 1789. Oddur Snorrason hefur fyrst sett saman, en Steinn Dofri hefur síðan endurritað, aukið lítið og leiðrétt þar sem missagst hafði í frumriti Odds. Reykjavík árið 1940. Tvö eintök.

Askja 15

Ísland í myndum

Barst safninu 7. ágúst, nafnlaust.

Ísland í myndum. Through Iceland with a Camera. Prentað og gefið út af Ísafoldarprentsmiðju. Reykjavík 1943.

Perlur, mánaðarrit með myndum, l.1. janúar 1930.

Félagsbréf, 19. hefti, 6. ár. Október 1960.

Sálmablað: Kaupmaður Jóhannes G.V. Þorsteinsson, fæddur 11. maí 1878, dáiinn 24. Janúar 1920.

Útfararskrár: Benedikt Ármannsson, fæddur 12. júní 1856, dáiinn 26. ágúst 1924; Sigurður Júlíus Sverrisson, fæddur 14. ágúst 1934, dáiinn 16. febrúar 1953.

Askja 15

Fimleikasamband Íslands

Stofnþing Fimleikasamband Íslands 17. maí 1968: Frumvarp að lögum fyrir Fimleikasamband Íslands; Dagskrá stofnþings fimleikasambands Íslands föstudaginn 17. maí 1968.

Askja 15

Anna Guðmundsdóttir

(1890-)

Anna Guðmundsdóttir var fædd 6. júní ca. 1890. Hún var gift og búsett í Danmörku.

Ekki er vitað um dánardægur hennar.

Anna Guðjónsdóttir færði Ljósmyndasafni Reykjavíkur ljósmyndaalbúm Önnu ásamt neðangreindum kortum, en Ljósmyndasafnið afhenti kortin Borgarskjalasafni 2. desember 2002. Inger Hoffman, leikkona í Kaupmannahöfn er fyrri eigandi kortanna, en Anna var amma hennar.

Ljóð til Önnu Guðmundsdóttur. Á brúðkaupskvöldi, frá Jóni Þórðarsyni úr Fljótshlíð.

Afmæliskveðjukort til Önnu Petreu Bendtsen 6. júní 1927 frá foreldrum, Önnu mágkonu hennar, og bræðrum.

Ljóð eftir Jón Þórðarson til fröken Önnu Guðmundsdóttur við heimkomu hennar frá Kaupmannahöfn í maí 1909.

Þýðing á sama, þýðandi F. M. Bendtsen, 1911.

Askja 15

Blöndahls-atið 1924

Ögmundur Helgason, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, afhenti safninu eftirfarandi.

Starfsmaður sótti myndina í handritadeild 19. desember 2002.

Ljósmynd af Blöndahls - atinu 1924. Magnús Th. S. Blöndahl og Sigfús Blöndahl gerðu út skipin Gylla og Gulltopp frá Hellisandi. Aðsúgur var gerður að verkfallsbrjótum skipa þessara í Reykjavík, margmenni þusti upp í skipin og reyndi að koma í veg fyrir að skipverjar gætu dælt vatni upp í skipin.

Askja 15

Gerður Torfadóttir

Gerður Torfadóttir er fædd 25. ágúst 1949. Hún var nemandi í Eskiðlíðarskólanum í Reykjavík um 1-2 mánaðaskeið, árið 1956. *Gerður færði safninu eftirfarandi 2. janúar 2003.*

Sparimerkjabók. Gerður Torfadóttir. Eskiðlíðarskólinn í Reykjavík, 1956, 7-B. Innlánsstofnun: Landsbankinn.

Handskrift Ármanns K. Einarssonar, kennara. Aldrei hefur verið tekið út af bókinni.

Askja 15

Guðrún S. Kristjánsdóttir

Guðrún S. Kristjánsdóttir er fædd 7. desember 1917. Hún býr í Austurbrún 2 í Reykjavík. RB sótti skjölin til Guðrúnar 22. maí 2002.

Hannyrðabækur; spil; tónlistarprógröm, sýningarskrár; skemmtiskrár, ferðabæklingar, innlendir og erlendir, auglýsingarbæklingur, matseðill.

Eftirfarandi var skráð undir prentað mál: Þjóðleikhúsið: Leikskrár ca. 1950-1970.

Þjóðleikhúsið: Leikskrár ca. 1970-1990; Leikfélag Reykjavíkur: Leikskrár ca. 1950-1980.

Askja 16

Kristinn Magnússon **skipstjóri**

Líklegt er að skjölin hafi borist með öðrum skjölum er tengjast Aðalstræti 18.

Sjá einnig Einkaskjalasafn nr. 251, Jón Rósenkranz, læknir og Hólmfríður Rósenkranz, og Einkaskjalasafn nr. 1, öskju 17, Caffé Uppsálir.

Reikningar Kristins Magnússonar 1907-1912.

Askja 16

Kór félagsstarfs aldraðra Reykjavík

Skjöl þessi bárust á Borgarskjalasafn eftir að safnið sendi bréf til félagsins þar sem kynnt voru einkaskjalasöfn á Borgarskjalasafni.

Söngskrá. Söngfulgar KFAR, án árs.

Ljósmynd af Kór félagsstarfs aldraðra Reykjavík 1997-1998.

Sálmakver kirkjustarfs aldraðra. Skálholtsútgáfan, Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar 1993.

Merkt Selma Friðgeirsdóttir, Vogatungu 3, Kópavogi.

Askja 16

Jón Kristinn Sigfússon **1891-?**

Jón Kristinn Sigfússon var fæddur 27. júlí 1891

Fermingarvottorð Jóns Kristins Sigfússonar dags. 13. júlí 1910.

Askja 16

Þorvarður Örnólfsson

Þorvarður Örnólfsson er fæddur 14. ágúst 1927.

Reikningar og kvittanir 1966-1968.

Askja 17

Caffe Uppsalir

Líklegt er að skjölin hafi borist með öðrum skjölum er tengjast Aðalstræti 18.

Sjá einnig Einkaskjalasafn nr. 251, Jón Rósenkranz, læknir og Hólmfríður Rósenkranz, og Einkaskjalasafn nr. 1, öskju 16, Kristinn Magnússon, skipstjóri.

Tryggingaskírteini Guðnýjar Rósants, veitingakonu, fyrir innbúi Aðalstrætis 18 í Reykjavík 1930.

Viðskiptamannabækur Caffe Uppsala, 1915-1918.

Mjólkurbók Hvítabandsins, 1902-1914.

Nokkrir reikningar Hvítabandsins, 1918-1919.

Askja 17

Katrín Ólafsdóttir

Einkunnabækur Katrínar Ólafsdóttur úr Barnaskóla Reykjavíkur 1911-1915.
Jólakort án árs.

Askja 17

Handrit, bókhaldsbók, bréf og reikningar

Um jarðarfarir, bálfarir og trúna á annað líf eftir G. Björnsson. Dags. 15. des. 1912. Handrit.
Bókhaldsbók yfir bókakaup í Guðfræðideild, Lagadeild, Læknadeild og Heimspekideild
Háskóla Íslands 1912.
Nokkrir reikningar vegna bókakaupa 1909.
Bréf frá W. Anderson í Vancouver í Kanada til I. J. Bergmann 1909.

Askja 17

Söngfélagið Kátir piltar

Fundagerðarbók söngfélagsins Kátir piltar 1903-1904.

Askja 17

Bænaskjal til konungs 1848

Bænaskjal til konungs frá innbúum Ísafjarðarsýslu dags. 5. ágúst 1848 þess efnis að
konungur veiti Íslandi þjóðþing með sömu réttindum og í Danmörku og að Íslandi verði gefinn
kostur á að kjósa fulltrúa eftir frjálsegum kosningalögum. Líklegt er að um afrit sé að ræða.

Askja 18

Hildigunnur Aðalsteinsdóttir Jörundarholti 18, 300 Akranesi

Sendibréf ritað 5.9.2004.

Skrifað eftir sýninguna *Reykjavík í hers höndum*, en fjallar um Reykjavíkurborg vítt og breytt séð frá hennar sjónarhóli, sem ferðamaður.

Askja 18

Þorsteinn Johnson hf.

Færslubók - vörutalning Þorsteins Johnson hf. 31. desember 1972. Bók þessi fannst í skjölum Landmælinga Íslands á Akranesi. Bókin send Borgarskjalasafni ásamt bréfi.

Askja 18

Emelía Borgþórsdóttir

Söguminningar. Skrifaðar veturinn 1919-1920 í III. bekk Kvennaskólans í Reykjavík. Uppskriftir Emelíu úr sögutímum í Kvennaskólanum. Emelía var móðursystir Gunnars Borg.

Askja 18

Stefán Björnsson Borgarnesi

Tvö heillaóskaskeiti frá 1943.

Askja 18

Jörundur Gíslason Laugavegi 24, Reykjavík, f. 24. október 1908

Yfirvélstjóra skírteini á mótorskipi frá 16. september 1936.
Prófskírteini. Hið íslenska vélstjórapróf frá 29. apríl 1931.

Askja 18

Hjálmítir Sigurðsson

Bréf til Hjálmtís (Hjálmtýs) ritað í Esbjerg, Danmörku 24.9.1919.

Askja 18

Framfarafélag Selás og Árbæjarhverfis

Úrdráttur úr sögu Framfarafélags Selás og Árbæjarhverfis 1954-1965.
Fundur Framfarafélags Árbæjar og Seláss, sem haldinn var 18.sept. 1969, úrdráttur.
Jörfi. Kynningarblað Framfarafélags Seláss- og Árbæjarhverfis
1. tbl. 1. árg. 1969, 1. tbl. 2. árg. 1970 og 1. tbl. 3. árg. 1971.
Árbær – Safnaðarblað Árbæjarsóknar 1973.

Skráð GI

Askja 18

Framfarafélag Breiðholts III

Lög framfarafélags Breiðholts III. Samþykkt á aðalfundi 15.2.1982.
Íbúafjöldi í breiðholti III, Fell, Hólar Berg í maí 1982.
Fréttablað Framfarafélags Breiðholts III, maí: 1981 1982 og 1983.

Skráð, GI

Askja 18

Sendisveinafélag Reykjavíkur - SFR

Sendisveinafélag Reykjavíkur S.F.R. var stofnað 8. maí 1933 og starfrækt til **ath.**
Til stofnfundar félagsins boðuðu nokkrir sendisveinar Sendisveinadeildarinnar Merkúr sem Gísli Sigurbjörnsson umsjónarmaður Merkúr ætlaði að reka úr deildinni. Tillaga var borin fram á fundinum: Fundur 55 sendisveina úr Sendisveinadeildinni Merkúr, sem neitað var að um að sitja fund í deildinni, samþykkja hér með að stofna Sendisveinafélag Reykjavíkur og sækja tafarlaust um upptöku í Alþýðusamband Íslands.
Fundargerðabók: Undirbúningsfundur (ódags.) Stofnfundur haldinn 8. maí 1933.
Fundargerðir 8.5.1933 til 25.4.1939, ásamt afriti af lögum félagsins ódagsettur.

Skráð, GI.

Askja 18

Sverrir R. Bjarnason
Verktaki Efstasundi 52, Reykjavík

Verksamningar , frumrit verktakans frá því áður en fyrirtækið varð hlutafélag.
Tilboðsgögn í að steypa gangstéttir, ásamt hellulögn og frágang á grassvæðum á ýmsum stöðum í borginni. Útboðs- og vinnulýsing ásamt tilboðsskrá í apríl 1978.
Samningur 29.5.1978.
Steinmótun ehf. Lóðagerð við íbúðir fyrir aldraða við Dalbraut í Reykjavík.
Verksamningur, tilboðsblað og fylgiskjal með verksamningi 5.6. 1979.
Fylgiskjal með verksamningi 1.7.1998 (samningurinn fylgir ekki fylgiskjalinu).

Askja 18

Magnea Katrín Þórðardóttir
Njálsgötu 18, Reykjavík, síðar Furugrund 70 Kópavogi.

Ávísun frá Heilbrigðis- og hamingjubanka Íslands (ódagsett).
Bréf frá móðursystur Guðlínu G. Guðjónsdóttir (c.a. 1923-1925) til Yngismeyjarinnar Magneu.
Á bréfsefninu sem er brotið saman eru ýmis stórmenni Evrópu á síðustu öld.

Eftirfarandi skjöl bárust í apríl 2014.
Boðskort frá Ingibj. Helgudóttur í boð á Bancóstræte 7,1963.
Bólusetningarskírteini. Guðrún Guðjónsdóttir, Þórður Guðbrandsson, 1966.
Tvö kort til Guðrúnar annað Gleðilegt sumar frá 1921.
Blaðaúrklippa, Íslenski kvenbúningurinn.
Þrjú kvæði.
Tvö minningarkort, Kjartan Jónsson, d. e. desember 1940 og minnigargrein.
Farseðill Paris - Köbenhavn 20. ágúst 1960.
Tvö bréf til Guðrúnar Guðjónsdóttur frá 1941.
Ljósmynd f Magneu við Njálsgötu 16 og 18, merkt ágúst 2009.

Skráð GI júní 2006 og apríl 2014

Askja 18

Sveinbjörn Ingvi Gestsson
Mánagötu 21, 105 Reykjavík

Skipa- og batamyndir. Útg. Sólarfilma (ódags). 16 myndir af fiskibátum og olíuflutningaskipið Kyndill. Smíðaaár skipanna eru á tímabilinu ca.1875-1964

Askja 19

Brynjúlfur Erlendsson

1914-1991

Brynjúlfur Erlendsson er fæddur 8. janúar 1914 og lést 1. nóvember 1991.

Brynjúlfur var nokkurs konar húsvörður í forsætisráðuneytinu. Stefanía Þórðardóttir, systurdóttir Brynjúlfs, færði safninu þessi jólakort, ásamt boðskortum, kveðjukortum og ljósmynd, 1998. Kortin eru frá forseta, forsætisráðherrahjónum, ráðuneytisstjóra og ríkisstjórn.

Boðskort, 1986-1990.

Kveðjukort, 1989, 1991. Jólakort, 1980-1991.

Bekkjjarljósmynd, c.a. 1926.

Askja 19

Elínborg Gísladóttir

f. 15. ágúst 1914

Hún hefur sungið með kórum um langt skeið.

Elínborg gaf safninu neðangreint í september 2003 í samhengi við sýningu um sögu Grafarvogs 2003.

Landssamband blandaðra kóra: Samkór Reykjavíkur. Koncert-program. Dirigent: Róbert A. Ottóson, pianist: Gísli Magnússon, färdledare: Gísli Guðmundsson, Reykjavík 1954.

Askja 19

Þorleifur Guðmundsson Repp

Þorleifur Guðmundsson Repp var fæddur í Reykjadal í Hrunamannahreppi 6. júlí 1974 og látinn í Kaupamannahöfn 4. desember 1857. Þorleifur lærði í Kaupmannahafnarháskóla heimspeki og fagurfræði ásamt málfræði. 1826 samdi hann ritið „De sermone tentamen“ sem hann varði svo við heimspekideild Kaupmannahafnarháskóla til magistersnafnbótar. En vegna meintrar óvildar og árása annars andmælandans prófessors Jens Möllers, var honum synjað um nafnbótina. Hann réðist þá til Edinborgar í Advocate's Library en vegna misklíðar við yfirbókavörðinn þar missti Þorleifur stöðu sína og fluttist aftur til Kaupmannahafnar árið 1837 þar sem hann dvaldist til dauðadags. Þorleifur reit margar greinar og bækur um málfræði og tungumál, á ensku og dönsku, svo og margar greinar á íslensku. Þá sat Þorleifur sem fulltrúi Árnesþings á þjóðfundinum 1851.

Bréf þetta barst frá Tove Vestbrik frá Lincolnshire í Englandi með bréfi dags. 1. ágúst 2003. Bréfið hafði hún fengið á fornmunasölu í Lincolnshire en fornmunasalinn hafði látið hana fá bréfið því hann vissi að hún væri dönsk en bréfið er ritað á dönsku.

Bréfið er að öllum líkindum skrifað á 19. öld og líklega af Þorleifi Repp sjálfum. Bréfitari þekkir vel til ævi Þorleifs og ritar þar að auki íslensku mjög vel sem sést af vísukorni sem er í bréfinu. Hins vegar er bréfið skrifað í þriðju persónu. Aftan á bréfinu stendur ritað „My Fathers Account of his Early Youth and College Days (written in Danish). Kann þetta að hafa skrifað dóttir Þorleifs, Hill Repp, sem giftist til Englands enskum liðsforingja af aðalsættum. Lýsing á ævi Þorleifs Guðmundssonar Repp, málfræðings, án dags.

Skráð NS

Askja 19

Ljósmynd af Hafnarfirði 1932

Ljósmynd af Hafnarfirði tekið úr Graf Zeppelin loftfari árið 1932. Ljósmyndin var send af **Christian Roellier** frá Sviss í febrúar 2004. Myndin var tekin af vini föður hans sem var um borð í loftfarinu þegar það kom til Íslands.

Skráð NS

Askja 19

Kristinn Valdimarsson og Valgerður Guðmundsdóttir

Í þessu skjalasafni eru tvö bréf til hjónanna Kristins Valdimarssonar og Valgerðar Guðmundsdóttur frá Guðrúnu Lilju Ingólfs Schneider og Antoni Schneider.

Kristinn Valdimarsson fæddist 7. október 1899 í Reykjavík og lést 18. júlí 1967. Kona hans Valgerður Guðmundsdóttir fæddist 7. september 1906 og lést 21. apríl 1991. Þau áttu einn son Valdimar, fæddan 3. febrúar 1929.

Guðrún Lilja Ingólfs Schneider fæddist 7. nóvember 1907 og lést 9. janúar 1991.

Eiginmaður hennar var þýskur og hét Anton Schneider fæddur 23. október 1898 en hann lést 7. nóvember 1985. Nokkru fyrir síðari heimsstyrjöld fluttu Guðrún og Anton í lítinn bæ við landamæri Þýskalands og Póllands. Móður Antons fannst þau hins vegar ekki nægilega örugg þar og fluttu þau því til borgarinnar Breslau sem þá tilheyrði Þýskalandi en tilheyrir Póllandi í dag og heitir Wrocław. Eftir styrjöldina fluttu Guðrún og Anton til Íslands þar sem þau eyddu ævinni. Anton vann við sápuverð hjá Frigg alla sína tíð á Íslandi.

Bréfin voru afhent af Valdimari Kristinssyni, syni viðtakenda bréfanna, 22. mars 2004.

Skjalaskrá

Bréf til Valgerðar Guðmundsdóttur (Völu) frá Guðrúnu Lilju Ingólfs Schneider dagssett 21. nóvember 1939 í Breslau í Þýskalandi.

Bréf til Kristins Valdimarssonar frá Anton Schneider dagssett 5. október 1939 í Breslau í Þýskalandi.

Skráð N

Askja 19

Önundur Kr. Bjarnason

Gefandi Hrefna Gunnarsdóttir, Einarsnesi 44, 101 Reykjavík
Lausamennskubréf handa Önundi Kr. Bjarnasyni, vinnumanni á Stafholtsveggjum í Stafholtstungnahreppi, þá 22 ára að aldri.

Skráð GI í júní 2006.

Askja 19

Hr. Direktör Magnus Gíslason Hafnarstræti 20, Reykjavík Island

Bréf frá Per Harkjær, Myrtevag 31, Virum, Danmark, varðandi frímerkjasöfnun. GI, 2006

Askja 19

Sigurður Jónsson, bókbindari, Lindargötu 1, Reykjavík

Gefandi Einar Sigurðsson, Hvassaleiti 22, Reykjavík.

Skjalaskrá

Leyfisbréf fyrir Sigurð Jónsson og Gróu Jónsdóttur 24.11.1902.
Fæðingar- og skírnarvottorð Gróu Jónsdóttur frá 7.5.1902. Félagsbréf (skírteini) Hins Íslenska bókmenntafélags fyrir Sigurð Jónsson, bókbindara útg. 10. apríl 1905.
St. Nr. 1, INGÓLFUR, I.O.OF. Stofnendur, félagsmenn og ljósmyndir af þeim.

Skráð í júlí 2006, GI

Askja 19

Haraldur Matthíasson Njörvasundi 40, 104 Reykjavík (f. 13.12.1956)

Launaseðlar, frá ýmsum vinnustöðum árin 1973-1988, fyrstu seðlarnir eru frá því hann var 16 ára gamall. Að hluta frá Reykjavíkurborg.

Skráð GI í september 2006

Askja 19

Firmað Einarsson, Zoega & Co.
Vesturgötu 10, Reykjavík

Fylgiskjöl 1954.

Askja 19

Raftækjaeinkasala ríkisins, Reykjavík
Jóhann Gunnarsson, Neskaupstað

Bréfaskipti vegna viðskipta 1936-1937.

Askja 19

Einar Helgason
garðfræðingur og statskonsulent

Reikningar o.fl. 1914-1991.

Askja 19

Bræðurnir Espholin / Espolin
Reykjavík

Fylgiskjöl 1926.

Askja 19

Ólafur Sveinsson
Reykjavík og Sauðárkróki

Ýmis fylgiskjöl 1940-1944 m.a. Þinggjöld á manntalsþingi 1944.

Askja 19

Mótórbáturinn “Vöggur” m/b Vöggur

Fylgiskjöl 1916.

Askja 19

Birgir Ólafsson **Keldulandi 19, Reykjavík**

Skjöl afhent Borgarskjalasafni í september 2006

Starfsmenn hf. Fundargerðir stjórnar 6.6.1966 - 24.5.1972. (Hlutfélagið Starfsmenn hf.)

Ferð íslenskra organista til Leipzig og Vínarborgar 7.-21. júní 1979. Bréf, þátttökulisti, ferðaáætlun, nokkrir sögupunktur um Leipzig og Vín, yfirlit um þýska tónlist, nótur o.fl.

Kaffisjóður starfsmanna Flugfélags Íslands skrifstofunni Lækjargötu 2, 1.10.1960 - apríl 1975.

Skráð GI, febrúar 2007

Askja 20

Magnús Vilhelm Jóhannesson **yfirframfærslufulltrúi**

Gefandi Svala Magnúsdóttir, Kópavogsstúni 8, er dóttir Magnúsar V. Jóhannessonar fv.fátækrafulltrúa í Reykjavík.

Ýmislegt varðandi störf hans sem fátækrafulltrúi í Reykjavík um 40 ára skeið.

Bréf, listar yfir starfsmenn á bæjarskrifstofum og yfir bæjarstarfsmenn.

Lög fyrir vináttu- og hluttekningarsjóð starfsmanna á skrifstofu borgarstjóra.

Ljósmyndir úr sumarferð starfsfólks bæjarskrifstofu.

Utkast til plan for Oslo fattigvesen, bilag 1.

Hlutfélagið Berg, Reykjavík. Þrjú hlutabréf að virði eitt hundrað krónur í Hlutfélaginu Berg frá 31. mars 1940, nr. 196, 170 og 171.

Askja 20

Byggingarfélag barnakennara í Reykjavík

Samþykkt frá 29. desember 1945.

Askja 20

Kvöldskólinn hf.

Rekstrarreikningur októ. 1970 til júní 1971 og efnahagsreikningur þr. 30.6.1971.

Askja 20

Tónlistarskóli Vesturbæjar

Skipulagsskrá, samþykkt á stofnfundi Tónlistarskóla Vesturbæjar 30.7.1984.
Skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og styrktarsjóð Tónlistarskóla Vesturbæjar, 1983.
Bréf varaðandi Stofnunar Tónlistarskóla Vesturbæjar 28.3.1984.
Inntökubeiðnir: nafn nemenda og forráðamanna, (fáein).

Askja 20

Elliðaár – Veiðibækur 1934-1954

Þorkell Jóhannesson Holtabúð 36, Garðabæ, færir Borgarskjalasafni að gjöf 4 veiðibækur úr Elliðaárm og fleiri árm. Í þessum bókum er m.a. greint frá veiðistað, tegund veiðifæra, upplýsingar um veiðina.

Skráð, GI

Askja 20

Þórður Sveinbjörnsson Krummahólum 6 (f. 15.03.26)

Þórður var blikksmiður, tvö voru í heimili. Heimilið árið 1952 var í skála á Seltjarnarnesi, þau eignuðust barn í júní 1952.
Heimilisdagbók 1.1.1952-28.6.1952. Í heftinu er nákvæm sundurliðun á heimilisreikningnum.

Askja 21

Veðafæraverslunin Verðandi
Hr. Stephan Stephansson, Bárugötu 4

Fylgiskjöl 1928-1958.

Askja 21

Húsgagnabólstrun Árna Jónssonar
Laugavegi 70

Fylgiskjöl 1958,

Skráð 2007, GI

Askja 22

Vigdís J. R. Hansen

Dagbók með póstkortum frá 1951. (ath. 1957).

GI

Askja 22

Þóra Sigurbjörg Þórðardóttir
Framnesvegi 60

Skjölin eru úr dánarbúi Þóru. Þóra S. Þórðardóttir f. 1. mars 1892 d. 28 júlí 1976, var gift Magnúsi Ásmundssyni d. 17. júlí 1954. Þau skildu árið 1933. Síðari maður Þóru var Friðgeir Skúlason d. 2. desember 1954.

Börn Þóru og Magnúsar voru: Þórður f. 17. ágúst 1918, d. 29. september 1967.

Sigurður f. 1. apríl 1923 og Ástríður f. 6. júní 1931.

Þórður var ógiftur og bjó hjá móður sinni til dauðadags. Ástríður er gift Gunnari Hvammdal og eru þau til heimilis á Meistaravöllum 15, en Sigurður sem er fraskilinn er til heimilis á Bræðraborgarstíg 47 (úr meðfylgjandi grein, sjá nánar).

Beiðni um eignaskipti, umboð, skiptayfirlýsing, skipti milli erfingja, sparisjóðsbækur, bréf, erfðafjárskýrsla, tilkynningarskyldur, fylgiskjöl o.fl.

Skráð í nóv. 2007, GI

Askja 22

Heiðar Þ. Hallgrímsson
Deildarverkfræðingur hjá Borgarverkfræðingi, Skúlatúni 2

Heiðar var tengiliður borgarverkfræðings og skipulagsmála - Borgarskipulags 1973-1983 og fulltrúi embættisins. Heiðar sat reglulega fundi vegna skipulags Efra - Breiðholts og Seljahverfis og samræmdi hönnun hverfanna. Heiðar sá um þéttingu Rauðagerðisreits í Smábúðarhverfi 1978. Heiðar starfar nú á Framkvæmdasviði arftaka embættis borgarverkfræðings.

Átta minnisbækur - dagbækur: Umsjón með deiliskipulagi 1973 til 17. ágúst 1976.

Dagbók, febrúar - apríl 1973, fundir, verkbók, ýmsar niðurstöður.

Seljaskóli - atburðarás september 1973.

Skráð í júlí 2008, GI

Askja 22

Hverfissamtök lönvoga
Samtök um hverfisgæslu

Skjalaskrá

Aðalfundur birgðaverslunarinnar Gripið og greitt 1992.

Fundarboð, bréf 1999.

Ársreikningar 1990, 1991, 1996, 1997, 2000 og 2001.

Til hluthafa í Gripið og Greitt, um hlutafé og forkaupsrétt að hlutabréfum 1999.

Sala hlutabréfa 1999.

Limmiðar, Vogafréttir, október 1998 o.fl.

Staðfesting á váttryggingu. Alþjóðleg miðlun, bréf varðandi málið 1998.

Skráð í október 2008, GI.

Askja 22

Guðfinna Jónsdóttir
Deild, Vesturbrú 8, Hafnarfirði

Guðfinna fædd 25. janúar 1905 dáið 29. október 1990

Póst- og jólakort frá ca.1908 og fram á þriðja áratuginn.

Kaupsamningur við Stálhúsgögn um kaup á barnakerru upp á kr. 45.00 undirritað af Guðmundi Jónssyni Seljavegi 17, 2. júní 1937 sem kaupanda.

Uppskrift og mál af þrjóna vettlingi.

Grafskrift um Magnús Brynjólfsson Bónda á Dysjum, Danneborgarmann (ljósrit).

Skráð í desember 2008,BA

Askja 22

Gunnar Guðmundsson
Hofteigi 46, Reykjavík

Gefandi Magnús Sædal, fv. byggingarfulltrúi Reykjavík.

Bréf stílað á Gunnar Guðmundsson Hofteigi 46, Reykjavík, dagsett 13. júní 1955. Frá Astrid Lindgren Dalagatan 46, Stocholm Va.

Skráð í desember 2008, BA

Askja 22

Þorbjörg Hilbertsdóttir
Ljósheimum 4, Reykjavík
(1939-)

Minningarbrot frá Reykjavík fyrri daga.

Skráð í desember 2008,BA.

Askja 22

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
(f. 1958)

Fundargerðabók stjórnar Samkórs Reykjavíkur 12. febrúar 1953 til 11. september 1961. Samkór Reykjavíkur var stofnaður árið 23. febrúar 1943. Auk kór- og félagsstarfsemi sá kórinn fyrir söngkenndu. Nú á tímum er starfræktur kór með sama nafni en byggður á grunni Snæfellingakórsins.

Bréf til fulltrúa kvennaráðs Sósíalistaflokksins, **ó dags**. Stílað á Katrínu Pálsdóttur langömmu Guðbjargar.

Opnun ljósmyndasýningar að Kjarvalsstöðum 23.7.1976, Óskar Gíslason. Stílað á Katrínu Káradóttur mömmu Guðbjargar.

Vörubílastöðin Þróttur, taxtar 1.4.1965. Úr fórum Eiríks Ingólfssonar, formanns Þróttar, afa Guðbjargar.

Skóvinnustofa Sigurbjörns, Afhendingarseðill 1976.

Skráð í febrúar 2014 og febrúar 2015,

Askja 23

Gestur Gunnarsson

Frásögn *Skildinganeskaupþún* skráð í ágúst 2003 5. bls.

Frásögn *Keflavík 1962* skráð 29. júlí 2002 6. bls.

Frásögn *Keflavík 1963* skráð í ágúst 2002 6. bls.

Askja 23

Helgi M. Sigurðsson **sagnfræðingur, safnvörður**

Allt í lagi í Reykjavík. Um löggæslu í höfuðstaðnum fyrr á tíð og stofnun lögreglusafnsins. 7 blaðsíður.

Skráð í desember 2008, BA

Askja 23

Kristinn Snæland **Leigubílstjóri**

Taxatíðindi – Fellsmúlapósturinn, 1. árg. 1. tbl. 2002 til 5. árg. 14. tbl. 2010 (eða öll blöð sem hafa komið út.) Ritstjóri og ábyrgðamaður Kristinn Snæland.

Askja 23

Vigdís og Guðmundur Grundarstíg 5 **Reykjavík**

Skjöl afhent af Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Skeyti sem hjónin Vigdís V. Jónsdóttir(1887-1967) og Guðmundur K. Halldórsson (1883-1976) trésmíðameistari, Grundarstíg 5, Reykjavík höfðu fengið send á hátíðis- og tillidögum. Einnig þrjú bólusetningarvottorð.

Skráð í febrúar 2011,BA.

Askja 23

Jónína Kristjánsdóttir - Hampiðjan

Skjöl afhent af *Jóni Ásgeiri Jónssyni*, Þjóðskjalasafni Íslands 5. nóvember 2000.
Árshátíð SMFH. Hampiðjan 50 ára, haldin 7. apríl 1984 í Glæsibæ.
Boðskort Jónínu Kristjánsdóttur.
Dagskrá og matseðill – menu og happdrætti nr. 291.

Askja 23

Bergstaðarstræti 43a

Vinnubók við húsbyggingu að Bergstaðarstræti 43a 1926 . Vinnulistar, efni og lán.

Skráð í nóvember 2010,GI

Askja 23

Fuglavinafélag Íslands

Lög félagsins (drög, ódagsett).

Askja 24

Þorsteinn Carlsson Löve

1910 - 2004

múrarmeistari

Magnús Sædal byggingarfulltrúi sendi Borgarskjalasafni Reykjavíkur bækling um svokallaðar mosaik einingar sem framleiddar voru úr steinsteypu.
Einingar þessar voru einkum notaðar í garðveggi umhverfis lóðir og svalahandrið.
Magnús hafði einnig sent afrit af bæklingnum til Minjasafns Reykjavíkur og Húsafriðunarnefndar.

Skráð í mars 2010,BA

Askja 24

Ólafur Jensson

Afhendi 6. janúar 2000 Borgarskjalasafni til varðveislu gögn tengd byggingu raðhúsanna að Skeiðarvogi 25-35 í Reykjavík.

Skjalaskrá

Skeiðarvogur 25, 27, 29, 31, 33 og 35. Skilmálar, leigusamningur, afsal, kaupsamningur, íbúðalánssamningar, tryggingarbréf, veðsetningarbréf o.fl., ná yfir tímabilið 1957-1963.

Fært úr E-170, GI

Askja 24

Ljósmyndir frá Reykjavíkurhöfn o.fl.

Sex ljósmyndir frá fimmta áratugnum. Fært úr E-75, GI

Askja 24

Eiríkur Hreinn Finnbogason

Ljósmyndir

Eiríkur Hreinn Finnbogason, Viðjugerði 5, Kópavogi sendi ljósmyndirnar í þessu safn til Borgarskjalasafns í apríl 1995.

Hluti myndanna er þekktur eða merktur en hluti safnsins er ómerktur. Merktar myndir eru af eftirfarandi aðilum eða stöðum:

Jóhannes Kjarval, málari (8).

Þorsteinn Kjarval (1).

Jóhann Sigurjónsson, leikritaskáld ásamt....(1).

Einar Benediktsson, skáld (1).

Sveinn Ingimundarson (2).

Guðbrandur Magnússon (2).

Ingimundur Sveinsson, eða Ingimundur "fiðla", fiðluspilari.

Réttir á Kalskála við Eskifjörð 1907.

Horft frá Geitavík? yfir Borgarfjörð Eystri.

Ómerktar myndir:

Myndir tengdar fiskútgerð og vinnslu (4).

"Samkoma" (1) og "Skógarferð" (1).

Fært úr E-71. Skráð, GI

Askja 24

Jóhanna Jónsdóttir Sumarliðabæ

Gefandi Erna Steinsdóttir. Kristín Hauksdóttir afhenti f.h. Ljósmyndasafns Reykjavíkur fermingarkort frá 1930 og afmæliskort frá 1933 sem Jóhanna Jónsdóttir frá Sumarliðabæ í Ásahreppi hafði átt.

Skráð mars 2010, GI

Askja 24

Kristín Sigurðardóttir (f 16.10.1917, d. 2012)

Askja
Fermingarkort 31. maí 1931, 9 kort.

GI, sept. 2013

Askja 24

Samúel Eggertsson 25. maí 1864 - 7. mars 1949

Fæddur á Melanesi, Rauðasandi í Vestur Barðastandasýslu.
Ingibjörg Bergsveinsdóttir (kt.040833-4209) afhenti skjöl Samúels Eggertssonar

Innihald:

Móðurkvæði eftir skáldin: Valdimar Hólm Hallstað, Markús Bjarnason, Sumarliða Halldórsson, Einar H. Kvaran, Matthías Jochumsson, Davíð Stefánsson, Einar Benediktsson, Örn Arnarson, Þorstein Gíslason, H. E. Magnússon og Dr. Jón Þorkelsson yngri.

Sumargjöf, uppeldismálatímarit V. Útgefandi: Barnavinafjlagið Sumargjöf 1929.

Nýtt kaupkröfufélag og ríkisstjórinn eftir Jónas Jónsson. (Nokkrir af þeim mönnum, sem fást við skáldskap, ritstörf og myndgerð héldu nýlega fund í Reykjavík undir nafninu Listamannafingið 1942.)

Stílabók merkt Samúel Eggertsson 13. október 1943.

Skráð í janúar 2011, BA

Borgarskjalasafni barst ritið *Saga Íslands* eftir Samúel Eggertsson sem gefið var út árið 1930. *Saga Íslands* inniheldur línurit með hliðstæðum annálum og kortum. Á þriðju blaðsíðu stendur

„Þetta litla rit er með ást og virðingu fyrst og fremst tileinkað elskulegri eiginkonu minni, Mörtu Elísabetu Stefánsdóttur, en þar næst öllum sögu og ættjaðravinum. Höfundurinn”

Einnig er með útprentun úr gagnasafni *Morgunblaðsins* um kortagerðarmanninn Samúel Eggertsson frá 1. júlí 2000 og afrituð ljósmyndmynd af fjölskyldu Samúels sem geymd er í Safnahúsi Borgarfjarðar.

Sjá einnig ættarskrá Björns Þórðarsonar (E-470, A-30), sem Samúel skráði 1929.

Skráð í maí 2011, BA

Askja 24

Félag styrkþega í Reykjavík - F.S.R.

Fulltrúinn, blað F.S.R. 1935 1. ár, 1 tbl.

Fulltrúinn, blað F.S.R. 1936 2. ár, 1.-6. tbl.

Skráð í október 2011, GI.

Askja 24

Verslunarmannafélagið Merkúr Reykjavík

Bréf til kaupmannafélags Reykjavíkur 8. apríl 1915. Tillögur Verslunarmannafélagsins *Merkúr* um breytingar á vinnutíma verslunarfólks 1915.

Skráð í október 2011, GI

Askja 24

Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna Soviet Union

Kynningarmánuður september 1954. Vísinda- og listamannasendinefnd frá Ráðstjórnarríkjunum.

Vasilij M. Ivanoff. Lifi vinátta milli þjóða og friður á jörðu!. (Tilkynning).

Flugrit Bókabúðar Máls- og menningar, Skólavörðustíg 21. Auglýsing, Sovésk rit o.fl.
7. nóvember, upplýsingarit um ráðstjórnarríkin. Útg. 7. nóvember-nefnd Sósíalistaflokksins,
1945.

Skráð af GI, 2012

Askja 24

Sigurður Þórðarson,
(05.01.1886-12.12.1967)
trésmiður, Vesturgötu 21, Reykjavík

Hjónavígslubríf. Vér Christian hinn tíundi af Guðs náð Danmerkur konungur ... Leyfisbréf,
hjónavígsla Sigurðar Þórðarsonar og Guðríðar Ingimagnsdóttur (ekki Ingimundardóttir eins
og stendur á bréfinu) útgefið í Reykjavík 28. september 1912 og hjónavígslubríf Sigurðar
Þórðarsonar og Jakóbínu Helgadóttur, útgefið í Reykjavík 21. september 1921.

Skráð GI, 2013

Askja 25

Aðalheiður Þorsteinsdóttir
saumakona

F. 14. júní 1905 d. 06. júlí 1989.

Aðalheiður flytur til Reykjavíkur 1925 frá Efri Þverá í Þverárhreppi. Bjó að Hverfisgötu 69,
árið 1931. Bjó að Hamrahlíð 23 þegar hún deyr.

Sendibréf og jólakort til Aðalheiðar frá árunum 1930-1935 aðalega frá móður hennar
Jóhönnu Vigfúsdóttur, Bjarghúsum og systur Aðalheiðar.

Líkræða um föður Aðalheiðar Þorstein Gunnarsson f. að Ytriey 12. apríl 1878. Í líkræðunni
kemur fram að Jóhanna og Þorsteinn giftust 12. maí 1904.

Tvö umslög með filmum.

Skráð í maí 2011, BA

Askja 25

Húsfélagið Birkimelur 6, 6a og 6b

Fundargerðarbók húsfélagsins Birkimelur 6, 6a og 6b. Tímabil 26. júní 1950 til vorsins 1992.

Ástríður Ólafsdóttir Birkimel 6a Reykjavík, formaður húsfélagsins, afhenti Borgarskjalasafni
bókina með samþykki stjórnar.

Skráð í júlí 2011, BA

Askja 25

**Guðjóna F. Eyjólfsdóttir, húsmóðir
Heimilisdagbók**

Guðjóna F. Eyjólfsdóttir bjó í Stórholti 19, Reykjavík, eiginkona Ólafs Þórðarsonar húsgagnabólstrara og er hans einkaskjalasafn nr. 323.

Ástríður Ólafsdóttir Birkimel 6a afhenti Borgarskjalasafni bókina. Ástríður er dóttir Guðjónu og Ólafs.

Heimilisdagbók útgefin af Lídókjör Skaftahlíð 24. Bókhald Guðjónu frá 22. janúar til 20 apríl 1967. Einnig eru mataruppskriftir í bókinni.

Skráð í júlí 2011, BA

Askja 25

**Björn Jóhannsson
Dúfnahólum 6, Reykjavík**

Þjóðólfur, skólablað Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 20. árgangur 1. tbl. 1965.

Skólablað Langholtsskóla, 10. árgangur.

Vonin, blað Gagnfræðaskólans við Vonarstræti 1959.

Sjónvarpsdagskrá RUV: Vikan 6. til 12. febrúar 1966, 86. tbl.

Vikan 17. til 23. september 1967 3. árg. 38. tbl og 28. apríl til 24. október 1968.

Dagskrá sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli 18. til 24. október, án árs og

Sjónvarp vikunnar 20. til 26. desember, án árs.

Póstkort af Reykjavík, séð í austur frá Vesturbæ yfir Tjörnina, án árs.

Reglugerð fyrir Lífeyrissjóð SÍS, Reykjavík 1972.

Fróði: 1. tbl. 1986. Útgefandi, Starfsmannafélag Samvinnubanka Íslands h.f.

Skráð í júlí og september 2011, GI

Askja 25

Ræsir HF.

Hjörtur M. Jónsson afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur handrit af sögu Ræsis hf 1942-1955 skrifuð af Oddgeiri Bárðarsyni 15. janúar 1991. Einnig fylgdi með geisladiskur með myndum frá starfssemi Ræsis hf.

Skráð í ágúst 2011, BA

Askja 25

Pórunn Jónsdóttir og Vignir Andrésson

Gísli Sverrir Árnason afhenti fyrir hönd Jónasínu Þóru Erlendsdóttur og Eiríks Þorleifssonar fjölrítað dreifirit frá árinu 1967 sem ber yfirskriftina *Ávarp til Hallgrímskirkjúsafnaðar*. Skjalið er úr fórum Þórunnar Jónsdóttur og Vignis Andréssonar sem bjuggu að Egilsgötu 22 í Reykjavík.

Skráð í september 2011, BA

Askja 25

Ingibjörg Björnsdóttir og Jónas Guðjónsson

Eva Örnólfsdóttir færði Borgarskjalasafni þrjú heillaskeyti sem brúðhjónin Ingibjörg Guðrún Jónheiður Björnsdóttir f. 20.11.1918 og Jónas Þorbergur Guðjónsson f. 04. nóvember 1916 d. 04. desember 2004 fengu á brúðkaupsdaginn sinn 16. maí 1942 þá til heimilis að Veltusundi 3B, Reykjavík.

Skráð 27. febrúar 2012, BA

Askja 25

Útskrift úr gerðarbók Matsnefndar Reykjavíkur

Árný Þórólfsdóttir sendi f.h. Bókasafns Hafnafjarðar útskrift úr gerðabók Matsnefndar Reykjavíkur. Útskrift frá fundi Matsnefndar Reykjavíkur dagsettur 1. október 1917, sem haldinn var á skrifstofu yfirjettarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, Laufásvegi 22. Erindi fundarins var að meta til peningaverðs lóðarspildu við Vesturgötu. Í matsnefnd Reykjavíkur voru Sigurjón Sigurðsson. Sig.Thoroddsen. Oddur Gíslason.

Skráð 6. Júní 2012, BA

Askja 25

Íslenskir hermenn 1914-1918

Með skjölum Hlíðaskóla komu tvær bækur:
Liðsmannaskrá íslenskra hermanna 1914-1918. Dánarskrá.
Liðsmannaskrá íslenskra hermanna 1914-1918.

Skráð 11. Júní 2012, BA

Askja 26

Sigurður B. Þorsteinsson

Brottkast, leikrit í tveimur þáttum, ódags.

Leikritið á að gerast 15. mars 1990 í Menntaskólanum í Reykjavík.

Skráð 8. ágúst 2012

Askja 26

Jóhanna Ingibjörg Bernhöft

(1911-1987)

Heillaóskaskeyti á fermingardegi Jóhönnu 1925.

Askja 26

Kosningahappdrætti Framboðsflokksins,

O - flokksins. verð kr. 25, dregið 12. júní 1971

Gefandi Ásta Lilja Kristjánsdóttir s. 551 6366.

Skráð 13. september 2012, G

Askja 26

Jóhannes Kr. Jóhannsson

(14.6.1885-22.11.1953)

Trésmiður og frambjóðandi til kjörs forseta Íslands 1944

Umslag með mynd af Jóhannesi Kr. Jóhannssyni - Friðar-Frelsis-Flokkurinn, til úthlutunarnefndar Skrifstofu Alþingis. Á umslaginu eru upplýsingar um prentað mál: Friðarboðinn og Vinarkveðjur, útg. Heiðursdoktor Jóh. Kr. Jóhannsson, Sólvallagötu 20, Reykjavík.

Fegurðar-verðlaunamynd af Dr. hon. causa Jóh. Kr. Jóhs. Roosevelt, kjörsyni forsetahjóna Bandaríkjanna, Kong of Lyberti og fegurðarkóngi U.S.A. frá 12. des.1943, Dr. Lord Raleigh, Jóh. Kr. Jóhannesson. Samþykkt á þingráðstefnu í Casablanca 1943. Samkvæmt bréfi frá

Íslensku sendisveitinni í London dags. 13. mars 1943. Til heiðursborgara og réttkjörins væntanlegs 1. forseta Íslenska lýðræðisríkisins, Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, nú ættleiddur og arfleiddur af Roosevelt-hjónunum í U.S.A., og sem sæmdur hefir verið yfir 60 heiðursmerkjum, þar á meðal mestu, sem til eru í heiminum, frá báðum ófriðar-aðiljum og friðarvinum, og sem þagað hefir verið um í íslenskum blöðum eða útvarpi. (Texti af umslagi). Opið bréf til háttvirtra kjósenda um hugsanlegt forsetaframboð Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, vegna kjörs forseta Íslands á Alþingi 1944 og meðmælalisti, ritað 25. janúar 1944, ásamt eyðublaði fyrir meðmælendur.

Á sama blaði er yfirlýsing um að hann hafi fengið c.a. 1400 meðmælendur á meðmælalista til lýðræðis-forsetakjörs Íslands, ritað 3. apríl 1945, til raunverulegra lýðræðiskosninga sem fram áttu að fara í júní mánuði 1945.

Bréf til forseta sameinaðs þings Gísla Sveinssonar og allra alþingismanna Íslendinga, um aðstoð við að stofna lýðveldi á Íslandi, skipa nýja ríkisstjórn og bjóða sig fram til kjörs fyrsta forseta Íslands, ritað 9. júní 1944.

Útboð á hlutabréfum til byggingu Friðasamkomuhöll Friðar-Frelsis-Flokksins í Reykjavík. Hlutabréfin voru að upphæð kr. 100,00, 500,00, 5000,00 og 10,000, 23. júní 1944.

Vottorð um að kraftaskáldið J.Kr.J. sé aflæst á innri skrifstofu Shell-tank við Vesturgötu. Jóhannes aflæsti hurðinni, 26. júní 1938. Kraftaverkaríma mælt af munni fram vegna ofanskráðs atviks.

Kraftaverkavísur Kyngi-þrung-hugsaðar. Kveðnar í júlímánuði 1938. Þær höfðu þau áhrif að mok-síldarafli barst að landi.

Ljósrit af manntalsspjöldum Jóhannesar Kr. Jóhannessonar og eiginkonu hans Elísabetar Davíðsdóttur. Á þeim koma m.a. fram heimilisföng þeirra í Reykjavík.

Skráð GI, febrúar 2013.

Askja 26

Karl Sigurðsson (22. nóvember 1919 – 3. júlí 1965)

Karl Sigurðsson fæddist á Bolungarvík. Foreldrar hans voru Sigurður Sófus Karlsson frá Götu í Vopnafirði og Vigdís Ingibjörg Bachmann Jónsdóttir (7. mars 1986- 21. ágúst 1957.) frá Belgsholti í Leirársveit.

Askja 26

Sigurður S. Karlsson (1884-1971)

Sigurður Sófus var pípulagningarmeistari. Hann var í stjórn Sveinafélags pípulagningarmanna og seinna virkur í meistarafélagi sínu. Kona hans Ingibjörg starfaði hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

Fjölskyldan bjó framanaf á Bolungarvík en flutti til Reykjavíkur þegar Karl var um það bil sex mánaða.

Námssamningur Sigurjón Fjeldsted, lærimeistari og Sigurður Sófus Karlsson nemandi. Nám hefst 1. mars 1935 og lýkur 1. mars 1936.

Námssamningur: Karl Sigurðsson, pípulagningameistari, nemandi Sverrir Kjartansson, nám hefst 1. janúar 1958, lýkur 1. október 1959

Námssamningur: Meistari Karl Sigurðsson, nemenda Sigurður H. Sveinbjörnsson. Nám hefst 15. júní 1961 og lýkur 15. júní 1965 (tveir samningar).

Sveinsbréf handa Sigurði Sófus Karlssyni, hitalagningamaður, lærði hitalagningar hjá Sigurjóni Fjeldsted í alls 4 ½ ár, Reykjavík 8. nóvember 1936.

Meistarabréf handa Sigurði Sófus Karlssyni sem veitir honum nafnbótina meistari í pípulögnum, útgefið 18. apríl 1942.

Bréf frá borgarstjóra um að bæjarráð hefir samþykkt að löggilda Sigurð til að hafa með höndum framkvæmd vatns- og hitalagna í Reykjavík. 6. nóvember 1946.

Bráðabirgðareglur um löggildingu pípulagningarmeistara samþykkt á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 2. maí 1946.

Ágrip af ævi og störfum Karls Sigurðssonar. Gert í tilefni af 75 ára fæðingaraufmæli hans, 22. nóvember 1994. Úr dánarbúi Önnu Óskar Sigurðardóttur (8. ágúst 1921-1971), eiginkonu Karls Sigurðarsonar.

Skráð í nóvember 2012, GI

Askja 27

Kjöt og ávextir Kaplaskjóli 5 og Neshaga

Kjöt og ávextir var matvöruverslun rekin á nokkrum stöðum í Reykjavík.

Bókhald, fylgiskjöl fyrir árið 1954, einnig fylgiskjöl rekstrar s.s bílakostnaður, þvottur o.fl.

Skráð í mars 2013, GI